

**SKOÐUN** Kjartan Jóhannsson skrifar um Seðlabanka og skopkeppni. 13



**MENNING** Sagan af bláa hnettinum hlaut bresku UKLA-verðlaunin. 20



**LÍFIÐ** Sigurður Anton Friðþjófsson frumsýnir sína fyrstu kvikmynd, Ísabella. 30



**SPORT** Kvennalandsliðið í körfubolta spilar loksins aftur hér á landi. 26







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
9. júlí 2014
159. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



**Fuglalíf við landið gjörbreytt**
Á sama tíma og fuglastofnar hrynja er rannsóknum á sandsílum hætt. 10

**Minjastofnun vill Þorláksbúð burt** Talsmaður Þorláksbúðarfélagsins hafnar flutningi. 2

**Mikið tjón** Forstjóri Reita, sem á Griffilshúsið, segir að aldrei sé hægt að tryggja sig svo vel að menn komist tjónalausir frá bruna. 2

**Gjaldeyrishöft í tæp sex ár** Samtök atvinnulífsins segja óttann við gengishrun og verðbólgu orsakir fyrir aðgerðaleysi stjórnvalda. 8




12

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 10° | | SA | 4 |
| Akureyri | 14° | | S | 5 |
| Egilsstaðir | 16° | | S | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | 11° | | SA | 6 |
| Reykjavík | 12° | | SA | 9 |

**Bjartviðri A-lands** en rigning S- og V-til. SA-strekkingur SV-til í fyrstu en dregur svo úr. Fremur hæg S-læg átt A-til. Hiti 8-18 stig, hlýjast A-lands. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

**Fyrirtækjalausnir í ferðaþjónustu | Fólk**




# Grímsstaðir á Fjöllum til sölu á EES-svæðinu

Eigendur 72 prósenta hlutar í Grímsstöðum á Fjöllum segjast fullsaddir af því að vera dregnir á asnaeyrunum af stjórnvöldum vegna áhuga Huangs Nubo á jörðinni og munu auglýsa hana til sölu á Evrópska efnahagssvæðinu. Fyrirspurnir hafi borist.

**FASTEIGNIR** „Það er búið að draga okkur á asnaeyrunum í á þriðja ár,“ segir Jóhannes Haukur Hauksson, einn fjögurra eigenda sem hyggjast á næstu dögum auglýsa 72 prósenta hlut í Grímsstöðum á Fjöllum til sölu á Evrópska efnahagssvæðinu.

Eins og kunnugt er höfnuðu stjórnvöld því að heimila Kínverjanum Huang Nubo að kaupa hlut fjórmenninganna í Grímsstöðum. Þá stóð til að jörðin yrði seld eignarhaldsfélagi sveitarfélaga á svæðinu sem síðan myndi gera samning við Nubo um leigu á Grímsstöðum til langs tíma. Ríkið á um 23 prósent í jörðinni á móti fjórmenningunum og nokkrir einkaaðilar afganginn.

Jóhannes bendir á að fyrir langtímaleigunni til Nubos þurfi undanþágu frá lögum sem ekki hafi fengist. „Því var raunverulega ekki neitað en ríkisstjórnin sagðist þurfa að endurskoða lögin. Sú nefnd er búin að skila af sér til innanríkisráðherra og ráðherra er búinn að vera með niðurstöðuna í þrjár vikur en við fáum ekkert að vita og það veit enginn hvernig það fer,“ segir Jóhannes.

Hver sem er á Evrópska efnahagssvæðinu hefur rétt til að kaupa fasteign hér og Jóhannes segir að hugsanlegir kaupendur hafi þegar sett sig í samband. „Það hafa aðilar sýnt þessu mikinn áhuga en við vitum náttúrlega ekki hvað er á bak við það,“ segir Jóhannes sem kveðst ekki vita nákvæmlega um fyrirætlanir þessara aðila á Grímsstöðum.



**Okkur finnst vera komið nóg.**
*Jóhannes Haukur Hauksson, landeigandi á Grímsstöðum á Fjöllum.*

„Við ætlum ekki að loka neinum möguleikum. Við ætlum bara að kanna hvað annað er í boði á Evrópska efnahagssvæðinu.“ -gar

Nýtt frumvarp um raforku:

## Aukið samráð við sveitarfélög

**ORKUMÁL** Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, mun leggja fram frumvarp um breytingu á raforkulögum í haust.

Þar verður með ýtarlegum hætti kveðið á um hvernig standa skuli að gerð áætlunar um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Í drögum að frumvarpi er sveitarfélögum skylt að samræma skipulagsáætlanir sínar vegna verkefna í kerfisáætlun.



RAGNHEIÐUR E. ÁRNADÓTTIR

Guðmundur Ingi Ásmundsson, aðstoðarforstjóri Landsnets, segir tilganginn með þessum nýju lögum vera þann að auka þetta samráð við sveitarfélög. Hann telur að sveitarfélögin séu ekki að missa skipulagsvald sitt þegar kemur að raflínum.

-sa / sjá síðu 4




**YFIRBURÐASIGUR** André Schürrle skoraði síðustu tvö mörk Þjóðverja í leiknum gegn Brasilíumönnum í gær. Það ræðst í kvöld hvort Þjóðverjar mæta Argentínumönnum eða Hollendingum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ótrúlegur sigur Þýskalands:

## Heimamenn niðurlægðir

**FÓTBOLTI** Þýskaland vann ótrúlegan 7-1 sigur á gestgjöfum Brasilíu í fyrri undanúrslitaleik keppninnar sem fór fram í Belo Horizonte í gær. Er það stærsta tap í sögu brasilíska landsliðsins.



MIROSLAV KLOSE

Miroslav Klose kom sér einnig í sögubækurnar með því að skora sextánda mark sitt í úrslitakeppni HM frá upphafi en það er met.

Úrslitin eru einhver þau ótrúlegustu í ríkri sögu heimsmeistarakeppninnar en Þýskaland mætir annaðhvort Hollandi eða Argentínu í úrslitaleiknum. - esá

Hæstiréttur fær ákvörðunarrétt um hvort hann tekur mál til meðferðar:

## Breytingar á dómskerfinu

**DÓMSTÓLAR** Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra stefnir að því að leggja fram frumvarp um millidómstig á haustþingi.

Á Íslandi er nú tveggja dómstiga kerfi, þar sem héraðsdómar dæma í málum á neðra stigi en Hæstiréttur á efra stigi. Samkvæmt þeim tillögum sem nefnd á vegum innanríkisráðherra er að leggja lokahönd á breytist starfsemi héraðsdómstóla ekki. Mál koma til með að fara frá þeim til millidómstigsins þar sem lagt verður nýtt mat á vitnisburði og hægt verður að leggja fram ný sönnunargögn í málum.

Gert er ráð fyrir að Hæstiréttur veiti áfrýjunarleyfi en í því felst að rétturinn ákveður hvort hann tekur mál til meðferðar eða ekki.



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

Fastlega má gera ráð fyrir að málum fyrir Hæstarétti muni fækka verulega og hæstaréttardómurum mun einnig fækka.

- jme / sjá síðu 6










## SPURNING DAGSINS



Karvel, er þessi innflutningur óttalegt sukk og svínarí?

**Já, mér svínist það.**

Verndartollar eru á svínakjöti sem flutt er til landsins. Karvel L. Karvelsson er svínaræktarráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins.

Starfshópur sem vinnur að lögum um staðgöngumæðrun fer á fullt eftir frí:

# Skila af sér frumvarpi í lok árs

**STAÐGÖNGUMÆÐRUN** „Það er miðað við að við skilum af okkur á síðustu mánuðum þessa árs,“ segir Dögg Pálsdóttir, formaður starfshóps sem vinnur að gerð frumvarps um staðgöngumæðrun. „Í allra síðasta lagi í desember.“ Dögg tók við formennsku nefndarinnar nú í apríl. Kristrún Heimisdóttir lögfræðingur gegndi áður stöðunni.

Staðgöngumæðrun var fyrst rædd á Alþingi árið 2007 en þingsályktunartillaga um skipun starfshóps var samþykkt snemma árs 2012. Alþingi skipaði svo í hópinn í september sama ár.

Dögg segir hópinn hafa haldið mikla vinnufundi að undanförnu og það verði aftur gert að loknum sumarfríum. „Vinnuplanið gerir ráð fyrir þessum tímamörkum og við erum algjörlega einbeitt að halda því.“ Til stendur að leggja frumvarpið fram á vorþingi.



DÖGG PÁLSDÓTTIR

Umfangsmikil gagnaöflun hafði farið fram þegar Dögg tók við formennsku starfshópsins. „Það er mikið búið að vinna í þessu, ég sé það alveg.“

„Ég vil vinna að þessu verkefni þannig að tímaþátturinn sé ekki að valda því að við vöndum ekki til verka. Þetta er þannig vaxið mál að við þurfum að gefa því þann tíma sem þarf,“ sagði Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra í samtali við Vísi í fyrrasumar, spurður hvers vegna vinnan hefði dregist á langinn. -nej



**MIKIL VINNA** Dögg segir mikið starf þegar hafa átt sér stað. NORDICPHOTOS/GETTY



**NÝ VIÐBYGGING** Búist er við að framkvæmdum ljúki vorið 2016. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Aukin umferð kallar á miklar framkvæmdir:

## Unnið að stækkun Leifsstöðvar

**SAMGÖNGUR Ný viðbygging við Leifsstöð verður opnuð sumarið 2016 en framkvæmdir standa nú yfir. Framkvæmdirnar koma til vegna aukinnar umferðar um flugvöllinn en gestum hefur fjölgað um níu prósent frá árinu 2003.**

**Í viðbyggingunni verða sex ný hlið sem mun auka afkastagetu flugvallarins á háannatímum að sögn Friðþórs Eydal, upplýsingafulltrúa Isavia. Friðþór segir að gestir flugvallarins muni ekki verða fyrir óþægindum vegna framkvæmdanna.** -ih

Búast við auknum hagvexti:

## Stjórnendur eru bjartsýnni

**VIÐSKIPTI** Íslenskir stjórnendur eru bjartsýnni en áður á að hagvöxtur verði á næstu tólf mánuðum samkvæmt nýrri könnun MMR.

Stjórnendum sem búast við hagvexti hefur fjölgað um 22 prósentustig frá sambærilegri könnun í desember 2013.

Fleiri stjórnendur en í desember búast við því að velta, arðsemi og eftirspurn eftir vörum og þjónustu aukist.

Jafnframt búast 70,8 prósent stjórnenda við því að launakostnaður aukist, sem er sambærilegt við síðustu könnun. -ih

Sjávarútvegur í Namibíu:

## Framlag Íslands skilar árangri

**PRÓUNARSAMVINNA** Framlag Íslands til þróunarsamvinnu í Namibíu á tuttugu ára tímabili skilaði markverðum árangri samkvæmt nýrri óháðri úttekt.

Stuðningur Íslands tók einkum til rannsókna á fiskistofnum og að koma á laggirnar hafrannsóknastofnun, byggja upp sjómannaskóla og efla innlendar stofnanir eins og sjávarútvegsráðuneyti.

Markverður árangur hefur náðst í að aðstoða ríkið við að taka við stjórn á auðlindum undan ströndum þess og byggja upp sjávarútveg innanlands. -ebg

# Minjastofnun vill að Þorláksbúð fari burt

**Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Minjastofnunar Íslands, segir almenna óánægju með Þorláksbúð í Skálholti og að vilji stofnunarinnar sé að húsið víki af staðnum. Talsmaður Þorláksbúðarfélagsins hafnar flutningi.**

**STJÓRNSÝSLA** Minjastofnun Íslands vill að Þorláksbúð sem stendur við Skálholtskirkju verði tekin niður og flutt annað.

Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Minjastofnunarinnar, segir þó að hafi kirkjan tekið við búðinni og vilji hafa hana áfram á sama stað setji stofnunin sig ekki upp á móti því.

Kristín skrifaði pistil um Þorláksbúð á vef Minjastofnunar þann 17. desember síðastliðinn. Þar rakti hún meðal annars að áður en Þorláksbúð var reist hefði verið rætt um að húsið yrði nýtt sem skrúðhús af þáverandi vígslubiskupi, Sigurði Sigurðssyni. Sigurður var einmitt einn forvígismanna Félags áhugamanna um uppbyggingu Þorláksbúðar. Eftir fráfall Sigurðar varð Kristján Valur Ingólfsson biskup í Skálholti.

„Byggingin yfir Þorláksbúð er ekki nýtt af núverandi vígslubiskupi og virðist almennt vera óánægja með húsið á staðnum. Það er ekki vilji Minjastofnunar Íslands að húsið verði áfram þar sem það er nú og var Þorláksbúðarfélaginu tjáð það fyrr á árinu,“ skrifaði Kristín.

Í samtali við Fréttablaðið segir Kristín stöðu málsins óbreytta frá í desember. Aðspurð hvort raunhæft sé að flytja Þorláksbúð segir hún hægt að flytja öll hús. Þorláksbúð hafi einmitt verið byggð á loftpúðum og utan um rústir þar undir svo flytja mætti húsið síðar ef ákvörðun yrði tekin um það. Ekkert liggi fyrir um fjármögnun á hugsanlegum flutningi.



ÁRNI JOHNSEN



**❞ Það er ekki vilji Minjastofnunar Íslands að húsið verði áfram þar sem það er nú.**

*Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Minjastofnunar Íslands.*



Kirkjan bjargar skuld við Þorláksbúðarsmið

**FRÉTTABLAÐIÐ Í GÆR** Þorláksbúðarfélag fær 11,3 milljónir úr sjóðum kirkjunnar til að gera upp skuld við smiðinn.

Kristín segir að gera eigi ráð fyrir lóð undir húsið fjær kirkjunni í nýju deiliskipulagi sem verið sé að vinna fyrir Skálholt. Óljóst eignarhald á Þorláksbúð flæki hins vegar málið.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær samþykkti kirkjuráð að veita 10,3 milljóna króna lán og eina milljón í styrk til Þorláksbúðarfélagsins til að gera upp skuld við smið verkefnisins. Bæði Ragnhildur Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, og Árni Johnsen, einn forsprakka Þorláksbúðarfélagsins, segjast aðspurð telja útilokað að færa Þorláksbúð.

„Það er bara rugl,“ segir Árni Johnsen. „Hver einasti steinn er hlaðinn við næsta stein og það er ekki hægt að vera í einhverjum hífingum.“

gar@frettabladid.is




Gríðarlega mikið fjárhagslegt tjón varð í brunanum í Skeifunni á sunnudag:

# Tryggingarnar ná ekki yfir allt

**ELDSVOÐI** Griffilshúsið sem brann í Skeifunni er í eigu fasteignafélagsins Reita. Að sögn Guðjóns Auðunssonar, forstjóra Reita, er brunabótamat hússins rúmar 300 milljónir króna.

„Þú getur aldrei tryggt þig þannig að þú komir út úr svona atburði skaðlaust, það er bara ekki svoleiðis,“ segir Guðjón. Reitir hafa hefðbundna tryggingu á húsinu sjálfu en jafnframt svokallaða rekstrarstöðvunartryggingu. „En hún gildir ekki að eilífu. Það mun taka tíma að byggja upp nýtt húsnæði til útleigu. Það er alltaf eitthvert bil sem þarf að brúa,“ segir Guðjón.

Tæknideild lögreglu hóf rannsókn á tildrögum eldsins klukkan tíu í gærmorgun. Hiti var enn í húsinu og því þótti Lúðvík Eiðssyni, fulltrúa tæknideildar, ólíklegt að mikið yrði gert þann daginn. „Við erum bara rétt að byrja að skoða þetta. Þetta er einhverra daga verkefni og ekkert sem gerist á stuttum tíma.“

Þetta er þriðji bruninn í efnalauginni Fönn frá árinu 2009. „Eitt sinn kviknaði í út frá strompi og eitt sinn varð sjálfsíkveikja út frá þvotti í þurrkara. Það er bara eitthvað sem gerist,“ segir Ari Guðmundsson, framkvæmdastjóri Fannar, aðspurður um líklega skýringu á brunanum. „Það getur verið rafmagn, það getur verið þvottur og hvað sem er.“

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær má gera ráð fyrir því að tjón Fannar hlaupi á hundruðum milljóna króna. -ssb



**RANNSÓKN HEFST** Lúðvík Eiðsson, fulltrúi tæknideildar lögreglunnar, sést hér við upphaf rannsóknar í gær. Hann segir of snemmt að segja til um tildrög eldsvoðans. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR




**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

## SVONA ERUM VIÐ



**300** tonn af svínssíðum voru flutt til landsins

**á síðasta ári til að anna eftirspurn eftir beikoni.**

Neysla á beikoni hefur margfaldast síðustu ár.

Íslandsstofa og fiskframleiðendur keppast við að örva saltfiskkaupendur:

# Útflutningur dregist saman

**SJÁVARÚTVEGUR** Útflutningur á saltfiskafurðum hefur dregist saman undanfarin ár. Í fyrra voru flutt út rúm 37 þúsund tonn, sem er um tuttugu þúsund tonnum minna en flutt var út fyrir rétt rúmum áratug. Munurinn er 35 prósent.

Annað áhyggjuefni leggst á fiskframleiðendur en í fyrra voru flutt út rúm 32 þúsund tonn af saltfiski, reyndar að hinum léttsaltaða undanskildum. Það er tíu prósentum meira en árið áður en samt sem áður var verðmætið átta prósentum minna.

Mestu munar í Portúgal en þangað var flutt út litlu minna í fyrra en árið þar áður. Þrátt fyrir þann litla mun fékkst 22 prósentum minna fyrir afurðirnar í fyrra.



**GUÐNÝ KÁRADÓTTIR**

Íslandsstofa hefur ásamt framleiðendum blásið til kynningarátaks í Suður-Evrópu. Að sögn Guðnýjar Káradóttur, forstöðumanns markaðssóknar þjónustu og vöru hjá Íslandsstofu, er markmiðið að styrkja orðspor og ímynd íslenskra saltfiskafurða, treysta tengsl við lykilhagsmunaaðila og ýta undir áhuga hjá kaupendum þar ytra. Skjöldur Pálmason, formaður Íslenskra saltfiskframleiðenda, segir of snemmt að meta áhrifin en átakið hófst í fyrra. -jse



**SALTFISKVINNSLA Á GAMLA MÁTANN** Kreppan í Suður-Evrópu hefur komið illa niður á saltfiskútflutningi.



**MÚLAKVÍSL** Þrjú ár eru síðan síðast hljóp í Múlakvísl og brúin hrundi.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ekkert bendir til eldgoss:

## Óvissustig vegna hlaups

**NÁTTÚRA** Hlaupvatn er komið fram í Múlakvísl og Jökulsá á Sólheimasandi og hefur ríkislögreglustjóri í samráði við lögreglustjórann á Hvolsvelli lýst yfir óvissustigi.

Ferðafólk er beðið um að fara að öllu með gát á þessum svæðum vegna hættu á aukinni brennisteinsmengun.

Að sögn Gunnars B. Guðmundssonar, jarðfræðings hjá Veðurstofu Íslands, er um lítið hlaup að ræða. Jarðskjálftar eru grunnir en sá stærsti var í gærmorgun, þrjú stig á Richter. Gunnar segir ekkert benda til þess að eldgos sé í vændum. -sks

Opið hjá Fjölskylduhjálpinni:

## Matarúthlutun ekki í sumarfrí

**FÉLAGSMÁL** Opið verður hjá Fjölskylduhjálp Íslands í allt sumar.

Fjölskylduhjálp Íslands er staðsett í Iðufelli í Breiðholti en matarúthlutun frá félaginu fer fram á miðvikudögum frá klukkan 13 til 16.

Matarúthlutanir Fjölskylduhjálpar eru ætlaðar þeim sem minna mega sín og tekur Fjölskylduhjálp við framlögum frá einstaklingum og fyrirtækjum alla virka daga. Nytjamarkaður til styrktar Fjölskylduhjálp verður sömuleiðis opinn í sumar frá klukkan 13 til 18 alla virka daga. -ssb

# Minni völd í héraði með nýjum lögum

Frumvarp iðnaðar- og viðskiptaráðherra mun takmarka skipulagsvald sveitarfélaga. Sveitarfélögum er gert skylt að setja nýjar raflínur á skipulag hjá sér ef framkvæmdir hafa verið samþykktar hjá Orkustofnun.

**ORKUMÁL** Þegar þing kemur saman í haust mun Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, leggja fram frumvarp um breytingu á raforkulögum. Í frumvarpinu verður með ítarlegum hætti kveðið á um hvernig standa skuli að gerð áætlunar um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Í þessum drögum, sem eru opinber á heimasíðu ráðuneytisins, er sveitarfélögum skylt að samræma skipulagsáætlanir sínar vegna verkefna í kerfisáætlun. Sveitarfélögum ber einnig að tryggja að skipulagsmál hindri ekki framgang þeirra verkefna sem eru í staðfestri þriggja ára framkvæmdaáætlun.

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, telur vanta ríkt samráð við sveitarfélögin hvað þetta varðar. „Ég get lítið tjáð mig um málið á þessu stigi en maður leyfir sér að hugsa upphátt þegar þetta ber á góma og velta fyrir sér hvort ekki þurfi á einhvern hátt að skoða heildarmyndina betur. Við þurfum að velta því upp hvort skipulagið milli ríkis og sveitarfélaga sé komið á leiðarenda og við þurfum að hugsa hlutina upp á nýtt.“

Guðmundur Ingi Ásmundsson, aðstoðarforstjóri Landsnets, segir tilganginn með þessum nýju lögum vera þann að auka þetta samráð við sveitarfélög.

„Tilgangurinn er ekki sá að slá vopn úr höndum sveitarfélaga. Tilgangurinn er að ná sátt um niðurstöður kerfisáætlunar og að hafa ríkt samráð við hagsmunaaðila. Það sem er verið að leiða í lög með frumvarpi ráðherra er að færa samráðið framar í ferlinu og að þeir sem við þurfum að hafa samráð við komi strax að borðinu á fyrstu stigum þess. Eins og staðan er núna er ferlið á þá leið að hagsmunaaðilar koma of seint að borðinu, eða þegar framkvæmdaleyfi á að gefa út. Það er okkar von að nú verði verklag skýrara og gegnsærra og að meiri sátt ríki um framkvæmdir.“



**RAFLÍNA** Drög að frumvarpi iðnaðarráðherra skikka sveitarfélög til að hindra ekki framgang áætlunar um lagningu raflína.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Guðmundur telur að sveitarfélögin séu ekki að missa skipulagsvald sitt þegar kemur að raflínum. „Þau setja enn þá raflínur á sitt skipulag. Markmiðið er að kerfisáætlunin fái traustan grundvöll sem er nauðsynlegt fyrir áætlun sem lýtur að mikilvægum grunnkerfum landsins,“ segir Guðmundur Ingi. Frumvarpið er nú í umsagnarferli og óskað er eftir að umsagnir berist fyrir 20. ágúst. sveinn@frettabladid.is



> **Við þurfum að velta því upp hvort skipulagið milli ríkis og sveitarfélaga sé komið á leiðarenda.**
>
> *Halldór Halldórsson, formaður SÍS.*



**LYF** Tækið passar að sjúklingar fái rétt lyf og í réttu magni.

Mint Solutions flyst úr landi:

## Hefur lokið fjármögnun

**VIÐSKIPTI** Nýsköpunarfyrirtækið Mint Solutions hefur lokið fjármögnun upp á 680 milljónir króna. Franskir og hollenskir fjárfestingarsjóðir hafa bæst í hóp hluthafa en Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins á 11 prósenta hlut eftir aukninguna.

Fyrirtækið hefur unnið að þróun lyfjagreiningartækis sem gerir hjúkrunarfræðingum kleift að ganga úr skugga um að sjúklingar fái rétt lyf, í réttu magni og á réttum tíma.

Í kjölfar hlutafjáraukningarinnar mun móðurfélag Mint Solutions flytjast til Hollands og verður sölustarfi stýrt þaðan. Þróunarstarf verður eftir sem áður á Íslandi. -ebg

Sjóstangveiði í Noregi:

## Gripnir við að smygla fiski

**NOREGUR** Erlendir sjóstangveiðimenn sem teknir voru fyrir að smygla fiski frá Noregi segja leyfilegan kvóta upp á 15 kg af lítinn. Norskir tollverðir stöðvuðu á dögunum bíl við sænsku landamærin sem í voru pólskir ferðamenn.

Þeir voru með 100 kg yfir leyfilegu magni af fiski í farangursrýminu. Á einu síðdegi var lagt hald á 458 kg af flökum sem voru í þremur pólskum bílum og einum þýskum. Á vef norska ríkisútvarpsins er haft eftir einum Pólverjanum að nóg sé af fiski í norskum fjörðum. - ibs






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 27° | Friedrichshafen | 14° | New York | 30° |
| Aþena | 35° | Gautaborg | 27° | Orlando | 31° |
| Basel | 23° | Kaupmannahöfn | 27° | Ósló | 26° |
| Berlín | 26° | Las Palmas | 25° | París | 16° |
| Billund | 28° | London | 22° | San Francisco | 20° |
| Frankfurt | 15° | Mallorca | 31° | Stokkhólmur | 24° |

**Á MORGUN**
Strekkingur SV-til, annars hægari




**FÖSTUDAGUR**
5-15 m/s, hvassast við S-ströndina.




**HLÝTT NA- OG A-TIL** næstu dagana og helst að sjá þá gulu þar. Þeir sem heldur kjósa rigningu og súld ættu að halda sig S- og V-lands það sem eftir lifir viku. Þó lítur út fyrir að allir vökni eitthvað á föstudag. Hiti 8-19 stig.



**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is







# Allt á baðið!



# Mikið úrval!



**WC Gala**
**frá 39.900**



Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga lokað í sumar
Ármúla 31 - Sími 588 7332

# i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hver er framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins?
**2.** Hvar er Þorláksbúð?
**3.** Hvað er langt síðan Bolungarvík fékk kaupstaðarréttindi?

**SVÖR:**
**1.** Þorsteinn Víglundsson.
**2.** Á Skálholti.
**3.** 40 ár.

Átján ára piltur lét lífið í skemmtigarðinum Terra Mítica á Spáni:

# Sætisól rússíbanans opnaðist

**BANASLYS** Lögreglan í Alicante á Spáni hóf samdægurs rannsókn á rússíbananum sem íslenskur piltur féll úr í skemmtigarðinum Terra Mítica í fyrradag, með þeim afleiðingum að hann lét lífið. Þetta segir fjölmiðlafulltrúi lögreglunnar í samtali við Fréttablaðið.

„Það sem við vitum núna er að sætisólin opnaðist og rannsóknin snýr að því hvernig það gerðist," segir fjölmiðlafulltrúinn og bætir við að tækið hafi verið innsiglað á meðan rannsókn fer fram. Í tækinu setja gestir yfir sig öryggisbúnað sem festur er niður með ól en tækið fer á hvolf á miklum hraða.

Í spænska miðlinum El País kemur fram að dómstóll í umdæminu hafi farið fram á opinbera rannsókn á slysinu og að þetta sé í fyrsta skipti í fjórtán ára sögu skemmtigarðsins sem alvarlegt slys eigi sér stað. Forsvarsmenn skemmtigarða í Stokkhólmi og Helsinki, þar sem sambærilega rússíbana er að finna, hafa lokað tækjunum í kjölfar slyssins, eða þar til rannsókn lýkur.

Bæjarstjóri Benidorm sendi frá sér yfirlýsingu á Facebook og Twitter kvöldið sem slysið varð. Þar vottar hann aðstandendum íslenska piltsins samúð sína en lýsir einnig yfir stuðningi við rekstraraðila skemmtigarðsins og segist bera fullt traust til þeirra enda leiðandi á heimsvísu í rekstri skemmtigarða.

-kak, -jse



**INFERNO** Rússíbaninn fer á allt að 96 kílómetra hraða á klukkustund. MYND/HRÖNN



**LOFTÁRÁSIR Á GAZA** Ísraelskt flugskeyti springur í bænum Rafah á Gaza. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Herinn fær að kalla út fjörutíu þúsunda manna varalið:

# Innrás á Gaza ekki útilokuð

**ÍSRAEL, AP Ísraelsher gerði loftárás á yfir hundrað skotmörk á Gaza í gær þar sem að minnsta kosti fimmtán létust, þar af þrjú börn.**

**Fulltrúar ísraelska hersins útiloka ekki innrás á Gaza en herinn hefur fengið leyfi til að kalla út fjörutíu þúsunda manna varalið.**

**Ísraelsher segist ekki ætla að láta staðar numið fyrr en Hamas-liðar hætta að skjóta flugskeytum yfir landamærin til Ísraels en 130 slíkum var skotið í gær. Átökin eru þau hörðustu frá því í nóvember 2012.** -ih




# Frumvarp um nýtt millidómstig í haust

Hægt verður að leggja fram ný sönnunargögn fyrir millidómstigi. Hæstiréttur fær áfrýjunarleyfi en í því felst að rétturinn ákveður sjálfur hvaða mál hann tekur fyrir. Hæstaréttardómurum fækkar verði nýtt millidómstig að veruleika.

**DÓMSTÓLAR** Stefnt er að því leggja fram frumvarp um millidómstig á haustþingi. Nefnd sem falið var fyrir tæpu ári að fjalla um hvernig millidómstigi yrði komið á laggirnar er um það bil að ljúka störfum og mun skila Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra skýrslu og tillögum innan skamms.

Á Íslandi er nú tveggja dómstiga kerfi, þar sem héraðsdómar dæma í málum á neðra stigi en Hæstiréttur á efra stigi. Annars staðar á Norðurlöndunum eru dómstigin þrjú og stefnt er að því að koma líku kerfi á hér á landi.

Samkvæmt þeim tillögum sem eru uppi á borðinu breytist starfsemi héraðsdómstóla ekki, mál koma til með að fara frá þeim til millidómstigsins þar sem lagt verður nýtt mat á vitnisburði og hægt verður að leggja fram ný sönnunargögn í málum. Breytingin er sú að í dag endurmetur Hæstiréttur ekki munnlega sönnunarfærslu.

Hæstiréttur myndi veita áfrýjunarleyfi en í því felst að Hæstiréttur ákveður sjálfur hvort hann tekur mál til meðferðar. Þá er gert ráð fyrir að Hæstiréttur geti tekið fyrir mál án þess að þau komi til kasta millidómstigsins ef ekki er talin þörf á að taka nýjar skýrslur af vitnum.

Rætt er um að fjöldi dómara á millidómstigi gæti orðið tólf til fimmtán og að dómstóllinn verði deildaskiptur.

Gera má ráð fyrir verulegri fækkun mála sem enda fyrir Hæstarétti, flestum málum ljúki fyrir millidómstigi.



**BREYTINGAR** Ný lög um dómstóla gætu orðið að veruleika á næsta þingi. Það myndi þýða miklar breytingar á starfsemi Hæstaréttar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Dómstólanefnd ráðherra

Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra skipaði nefnd í ágústbyrjun í fyrra sem var ætlað að undirbúa millidómstig, bæði í einkamálum og sakamálum, og að Hæstiréttur starfi í einni deild.

Nefndin fékk það hlutverk að útfæra fyrirkomulag, tímamörk, kostnað og önnur atriði. Formaður nefndarinnar er Kristín Edwald hæstaréttarlögmaður. Aðrir nefndarmenn eru Hafsteinn Þór Hauksson, lektor við HÍ, og Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari.

Nú sitja níu dómarar í Hæstarétti, og dæma þrír, fimm eða sjö í hverju máli. Nái breytingarnar fram að ganga mun Hæstiréttur starfa í einni deild sem þýðir að allir dómararnir koma til með að dæma í öllum þeim málum sem koma til kasta Hæstaréttar.

Í framtíðinni kemur hæstaréttardómurum til með að fækka í fimm til sjö.

Nokkur ár eru síðan farið var að ræða nauðsyn þess að koma á laggirnar millidómstigi til að létta álagi af Hæstarétti.

Árið 2008 skipaði þáverandi dómsmálaráðherra nefnd sem fjallaði um hvernig væri hægt að tryggja milliliðalausa sönnunarfærslu í sakamálum. Innanríkisráðherra skipaði svo starfshóp árið 2011 sem taldi raunhæft að stofna millidómstig.

johanna@frettabladid.is

Ríkissjóður gefur út skuldabréf að fjárhæð 116 milljarða íslenskra króna:

# Fyrsta skuldabréfaútgáfa frá 2006

**EFNAHAGSMÁL** Íslenska ríkið gekk í gær frá samningum um útgáfu skuldabréfa að fjárhæð 750 milljónir evra, eða 116 milljarðar króna. Þetta er fyrsta opinbera skuldabréfaútgáfa ríkissjóðs frá árinu 2006. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir í tilkynningu að útgáfan marki tímamót og að hún sé jákvætt skref í endurreisn íslensks efnahagslífs. „Ríkissjóður er að sýna fram á fulla burði til þess að fjármagna skuldir sínar á Evrópumarkaði, þeim markaði sem mestu skiptir fyrir fjármögnun ríkja," segir Bjarni. Skuldabréfin bera 2,5 prósenta vexti og eru gefin út til sex ára.

„Kjör ríkissjóðs á erlendum mörkuðum hafa batnað verulega síðustu mánuði, sem gefur okkur færi á að lækka vaxtagjöld ríkissjóðs og því nýtum við tækifæri nú þegar aðstæður skapast fyrir hagstæða lántöku," segir Bjarni.

> **Ríkissjóður er að sýna fram á fulla burði til þess að fjármagna skuldir sínar á Evrópumarkaði.**
>
> *Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra.*

Hrafn Steinarsson, sérfræðingur hjá Arion banka, segir kjörin sannarlega góð. „Fjármögnun ríkissjóðs á alþjóðamörkuðum er alltaf jákvætt skref. Þarna er gefið út í evrum í fyrsta skipti og gera má ráð fyrir að það sé vegna þess að ríkissjóður vill breikka fjárfestahópinn og kjörin sem bjóðast á Evrópumarkaði eru betri en í Bretlandi og Bandaríkjunum," segir Hrafn.

-fbj



**TÆKIFÆRI** Bjarni segir ríkið nýta sér tækifæri þegar aðstæður skapast fyrir hagstæða lántöku til að lækka vaxtagjöld ríkisins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# ÞAR SEM ÚRVALIÐ ER MEST

Það er skemmtilegt að skoða og reynsluaka nýjum bíl. Komdu og láttu sölumenn okkar stjana við þig og fáðu reynsluakstursbílinn jafnvel lánaðan heim að kvöldi.

**RENAULT CLIO** DÍSIL, BEINSKIPTUR
VERÐ: **2.890.000 KR.**
3,4 l/100 km.*

Renault Clio er einn vinsælasti bíllinn á Íslandi. Þegar fallegt útlit, ríkulegur staðalbúnaður, úrval sparneytinna bensín- og dísilvéla, hagstætt verð og einstök ný „Dual Clutch“ sjálfskipting smella saman er ástæðan augljós. Komdu og reynsluaktu nýjum Renault Clio.

P FRÍTT Í STÆÐI! FRÍTT Í STÆÐI Á MIÐBORGARSVÆÐINU





SUBARU **OUTBACK**, DÍSIL
SJÁLFSKIPTUR. VERÐ: **6.890.000 KR.**
**7,4 l/100 km.***


DACIA **DUSTER**
DÍSIL, BEINSKIPTUR. VERÐ: **4.090.000 KR.**
**5,3 l/100 km.***

ENNEMM / SÍA / NM63500

## RÍFLEGA **HRINGINN Á EINUM TANKI!**

**3,5** L/100 KM
M.V. BLANDAÐAN AKSTUR

**RENAULT MEGANE SPORT TOURER**
DÍSIL, BEINSKIPTUR.
VERÐ: 3.590.000 KR.




*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.




**NÝR** SPORTLEGUR **NISSAN** MICRA
MEÐ SKEMMTILEGUM AUKAPAKKA:
**ÁLFELGUR** OG **TVÍLITUR**

NISSAN **MICRA COUPE**
BEINSKIPTUR. VERÐ: 2.390.000 KR.
5,0 L/100 KM.*

P FRÍTT Í STÆÐI! FRÍTT Í STÆÐI Á MIÐBORGARSVÆÐINU

GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080

B|L

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# ÁHRIF GJALDEYRISHAFTA OG AFNÁMS ÞEIRRA

## GJALDEYRISHÖFTIN EFNAHAGSLEG ÁHÆTTA



**Höftin fæla í burtu erlenda fjárfesta** sem vilja ekki festast innan þeirra. Íslensk fyrirtæki og frumkvöðlar þurfa því í auknum mæli að færa alla sína starfsemi, eða hluta hennar, til útlanda með tilheyrandi afleiðingum fyrir íslenskt efnahagslíf.



**Þau takmarka virkni íslenska hlutabréfamarkaðarins** þar sem fjárfestar eiga erfiðara með að átta sig á verðlagningu bæði hluta- og skuldabréfa.



**Fáir fjárfestingarkostir eru innan haftanna** og því skapa þau hættu á eignabólu.



**Draga úr útflutningstekjum landsins** og fækka störfum í þekkingartengdum greinum.



**Skerða samkeppnishæfni landsins** og hafa neikvæð áhrif á lánshæfismat ríkisins.

## AFNÁM HAFTA MÖGULEG ÁHÆTTA

**Gjaldmiðillinn gæti veikst** þegar fjármagn fer að streyma úr landi við losun haftanna.




**Stór hluti innkaupakörfunnar kemur frá útlöndum** og því myndi veiking krónunnar leiða til þess að verð körfunnar hækkaði og verðbólga ykist.



**Húsnæðisskuldir gætu hækkað** umfram tekjur heimilanna með meðfylgjandi skuldavanda.



**80 MILLJARÐAR** Viðskiptaráð Íslands gerir ráð fyrir að útflutningstekjur ársins 2013 hefðu verið um 80 milljörðum króna hærri án hafta en raunin varð.

## Gæti skapað sama vanda og árið 2008



**Björn Brynjúlfur Björnsson**
hagfræðingur Viðskiptaráðs

Björn Brynjúlfur Björnsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands, segir ráðið sammála Samtökum atvinnulífsins um mikilvægi þess að höftin verði afnumin. Hann segir áhættuna við afnám gjaldeyrishafta fyrst og fremst tengjast mögulegri veikingu krónunnar.

„Ef þessi veiking verður mikil þá getur hún skapað sama vanda og myndaðist hérna árið 2008. Þá urðu einstaklingar og fyrirtæki sem voru með verð- eða gengistryggð lán fyrir búsifjum og starfsemi margra fyrirtækja raskaðist. Það er hægt að standa að afnámi án þess að þetta verði raunin með því að takmarka þessa áhættu. Það er annars vegar hægt að halda útboð á erlendum gjaldeyri þar sem magnið er takmarkað. Hins vegar væri hægt að hafa skatt á fjármagnsútflæði sem færi síðan smám saman lækkandi með tímanum. Því er hægt að takmarka gengisveikingaráhættuna ef staðið er að afnáminu með skynsamlegum hætti,“ segir Björn.

## Seðlabankinn ágætlega í stakk búinn



**Regína Bjarnadóttir**
forstöðumaður Greiningardeildar Arion banka.

„Ein helsta áhættan væri meðal annars þrýstingur á krónuna og Seðlabankinn þyrfti þá að nota hluta af gjaldeyrisforðanum til að sporna gegn falli hennar,“ segir Regína Bjarnadóttir, forstöðumaður Greiningardeildar Arion banka, spurð um þá efnahagslegu áhættu sem gæti falist í afnámi haftanna.

„En ég tel að bankinn sé ágætlega í stakk búinn til að takast á við þrýsting á krónuna. Við erum á góðum stað, með góðan afgang af viðskiptajöfnuði, hallalaus fjárlög og aukningu í innstreymi ferðamanna. Þannig að það virðist vera góður tímapunktur fyrir okkur til takast á við þær áhættur sem skapast við að aflétta höftunum,“ segir Regína.

Hún bendir á að höftunum yrði aldrei aflétt eins og hendi væri veifað.

„Það yrði alltaf gert varfærnislega og Seðlabankinn hefur keypt mikið af gjaldeyri á síðastliðnum tólf mánuðum.“

# Styttist í sex ára afmæli haftanna

**Samtök atvinnulífsins segja óttann við gengislækkun og verðbólgu líklegustu skýringuna á „aðgerðaleysi stjórnvalda“ við afnám gjaldeyrishafta. Höftunum var komið á í nóvember 2008. Fjármálaráðherra hefur sagst vona að „stórir áfangar verði stignir á þessu ári“.**



**Haraldur Guðmundsson**
haraldur@frettabladid.is

Afnám gjaldeyrishafta gæti leitt til veikingar krónunnar með tilheyrandi verðhækkunum hér innanlands og aukinni verðbólgu. Þrátt fyrir það telja Samtök atvinnulífsins (SA) að sú efnahagslega áhætta sem fylgir höftunum, og mun líklega skapast, sé meiri en sú sem gæti falist í afnámi þeirra.

Þetta kom fram í grein Þorsteins Víglundssonar, framkvæmdastjóra SA, í Fréttablaðinu í gær. Þar rekur Þorsteinn verkefnið við afnám haftanna sem hann segir það mikilvægasta sem íslensk stjórnvöld standi frammi fyrir í dag. Þorsteinn segir aðstæður til afnáms mjög hagstæðar þar sem efnahagslífið sé í ágætu jafnvægi.

„Lykilforsenda þess að hægt verði að koma í veg fyrir ofhitnun hagkerfisins er hratt afnám fjármagnshafta. Efnahagsleg áhætta afnáms hafta er mun minni en hættan sem fylgir enn einni rússíbanareið íslensks efnahagslífs með kunnuglegri kollsteypu í lok ferðar,“ segir Þorsteinn.

Höftunum var komið á í nóvember 2008 eftir að landið hafði orðið fyrir barðinu á bankakreppu. Gengi krónunnar hafði þá lækkað og hætta á stórfelldu útstreymi fjármagns skapast. Það hefði getað valdið enn meiri gengislækkun og verðbólgu og því ákvað Seðlabankinn að hefta tímabundið útflæði gjaldeyrisins. Upphaflega áttu höftin að falla úr gildi haustið 2010. Afnám þeirra hefur dregist og vegur þar þyngst töf við uppgjör þrotabúa föllnu bankanna, eins og kemur fram í nýrri Skoðun Viðskiptaráðs Íslands.

Á þeim rúmu fimm og hálfu ári sem liðin eru hefur ítrekað verið bent á þann efnahagslega kostnað sem höftunum fylgir. Viðskiptaráð hefur til dæmis áætlað að þau hafi kostað íslensk fyrirtæki um 80 milljarða króna í útflutningstekjur á síðasta ári. Höftin eru einnig sögð draga úr nýliðun og vexti íslenskra fyrirtækja og leiða til þess að sprotafyrirtæki færi starfsemi sína úr landi. Höftunum hefur því oft verið líkt við girðingu sem erlendir fjárfestar vilji ekki festast innan með fjármuni sína.

Þorsteinn segir í grein sinni að óttinn við gengislækkun og meðfylgjandi verðbólgu sé líklegasta skýringin á „aðgerðaleysi stjórnvalda“ þegar komi að afnámi haftanna.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, hefur að undanförnu svarað spurningum um afnám haftanna á þann veg að þau verði jafnvel afnumin í ár. Í kvöldfréttum Stöðvar 2 í síðasta mánuði sagði hann stjórnvöld hafa nýtt tímann vel til að kortleggja vandann.

„Ég er með væntingar um að það verði stórir áfangar stignir á þessu ári,“ sagði Bjarni.



> **Lykilforsenda þess að hægt verði að koma í veg fyrir ofhitnun hagkerfisins er hratt afnám fjármagnshafta. Efnahagsleg áhætta afnáms hafta er mun minni en hættan sem fylgir enn einni rússíbanareið íslensks efnahagslífs með kunnuglegri kollsteypu í lok ferðar.**
>
> *Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.*

weber og DEKA **Hágæða múrefni í Múrbúðinni**



Serpo 261 trefjamúr Fyrir múrkerfi 25 kg **3.840,-**
Weber REP 980 þéttimúr grár 25 kg **3.590,-**
Weber Gróf Múrblanda 25 kg **1.695,-**
Weber Milligróf múrblanda 25 kg **1.850,-**
Weberdur 629 gipsmúr 30 kg **2.495,-**
Deka Hrað viðgerðarblanda 25 kg **4.290,-**
Deka Fíber trefjastyrkt múrblanda 25 kg **3.390,-**
Deka Latex 5 lítr. **4.690,-**
Deka Acryl grunnur 1 kg **1.395,-** 5 kg **4.995,-**

**Munið 5% Pallaafsláttinn. Leitið tilboða í meira magn.**
**MÚRBÚÐARVERÐ**

**Látið fagmenn vinna verkin!**

| | | |
|---|---|---|
| Reykjavík | Kletthálsi 7. | Opið má-fö kl. 8-18, laug. 10-16 |
| Reykjanesbær | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 9-12 & 13-18 |

Meiri gæði / Lægra verð MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!*

# ÚTSALA

# 40% TIL 70%

## AFSLÁTTUR

af útsöluvörum í fatnaði, skóm og heimilisvöru

24 Hagkaup

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

og á Akureyri í sumar!

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla




Stóðhesturinn Spuni mun fylja á milli sextíu og sjötíu merar í sumar:

# Fá allt að 20 milljónum í folatoll

**DÝRALÍF** Stóðhesturinn Spuni var upp á sitt besta í fyrradag þegar hann fékk loksins að hitta merar í girðingu í Vesturkoti á Skeiðum. Spuni sigraði í A-flokki á Landsmóti hestamanna á Hellu í síðustu viku.

Finnur Ingólfsson, fyrrverandi alþingismaður og ráðherra, býr í Vesturkoti á Skeiðum þar sem fjölskyldan er með hrossaræktarbú. Dóttir Finns á stóðhestinn Spuna sem hún fékk að gjöf frá foreldrum sínum þegar hann var tveggja vetra en hesturinn er átta vetra í dag. Spuna var sleppt í gær út í girðingu til mera en hann mun sinna 60–70 merum á næstu vikum. Gríðarleg ásókn er í að fá folald undan honum og kostar folatollurinn 275 þúsund krónur. Eigendur Spuna munu því hafa fengið rúmar 18 milljónir í folatoll þegar sumarið er á enda. Spuni er hæst dæmdi hestur í heimi. Hann fékk m.a. 10 fyrir skeið, 10 fyrir vilja og 9 fyrir tölt og brokk í dómi á sínum tíma, en það er Þórarinn Ragnarsson hefur séð um þjálfun Spuna. - mhh


**VINSÆLL STÓÐHESTUR** Spuni mun sinna tugum mera í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ MHH

# Fuglalíf við landið gjörbreytist á áratug

Fuglategundum sem töldust útbreiddar og jafnvel helst til áberandi fyrir nokkrum árum fækkar svo að tala má um stofnhrun. Hrun sílastofnsins er talið hafa mikil áhrif. Fræðimenn sýta að á sama tíma er rannsóknum á sílum hætt.

**DÝRALÍF** Gríðarlegar breytingar hafa átt sér stað í stofnum sjófugla á einum áratug hér við land. Fræðimenn sem Fréttablaðið talaði við segja að stofnhrun hafi sligað sumar af þeim fuglategundum sem jafnvel voru taldar helst til stofnstórar ekki alls fyrir löngu.

Ástæðurnar geta verið af ýmsum toga en þó ber fræðimönnum saman um að hrun sílastofnsins árið 2005 sé mikill áhrifavaldur í þessari þróun.


**ARNÞÓR GARÐARSSON**

Arnþór Garðarsson, fuglafræðingur og fyrrverandi prófessor við Háskóla Íslands, segir það afar súrt í broti að Hafrannsóknastofnun hafi hætt rannsóknum sínum á sílum. „Það er stundum eins og menn haldi að gögnin komi fljótandi til þeirra en því miður þarf að rannsaka hluti til þess að afla þeirra,“ segir hann.

Ólafur S. Ástþórsson, sitjandi forstjóri Hafró, segir það vissulega rétt að í ár hafi stofnunin ekki bolmagn til að leggja í rannsóknarleiðangur til að rannsaka síli eins og gert hefur verið undanfarin ár. „Við höfum þurft að draga saman og þetta er eitt af því sem við sáum okkur ekki fært að sinna, því miður,“ segir hann.

Rita, langvía og stuttnefja eiga orðið erfitt uppdráttar hér við land eftir magra tíð en einnig svartbakur, hvítmávur og sílamávur sem fyrir um áratug þóttu víða heldur margir og fyrirferðarmiklir.


**ÆVAR PETERSEN**

Ævar Petersen fuglafræðingur hefur í mörg ár talið fjölda ritu, sérstaklega á Breiðafirði, og hvítmávs á landinu öllu. Benda þær tölur til þess að hvítmávur sé að hverfa og ritu hefur fækkað sífellt í árafjöld á Breiðafirðinum. Ekki eru gögnin hans Arnþórs meira upplífgandi því þau bera það með sér að svartfugl eigi í verulegum vandræðum og hefur fækkað um helming á tuttugu árum.

Eins og gefur að skilja hefur sílamávi fækkað verulega og má tala um stofnhrun hjá honum. Það eru þó ekki einungis sjófuglar sem berjast í bökkum því snjótittlingur, sem var einn útbreiddasti fugl landsins, er orðinn frekar fátíður jafnvel á stöðum sem áður voru hans mikilvægustu varpstöðvar.

Ekki er þó allt hábölvað því þessarar þróunar hefur lítt orðið vart á Norðausturlandi. Þar virðist vera vin í þessari eyðimörk sem við flestum sjófuglum blasir. Þar að auki virðast breyttar aðstæður vera súlu og dílaskarfi í hag en þeim fjölgar og þrífast fuglarnir vel. jse@frettabladid.is


**ÁGENGIR MÁVAR** Það er víðast liðin tíð að menn kvarti yfir fjölda máva hér við land en það hefðu þótt ótrúleg tíðindi ekki alls fyrir löngu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Fækkun nokkurra sjófugla

| | 1985 | 2005 til 2008 |
|---|---|---|
| Langvía | 1 milljón | 700.000 |
| Stuttnefja | 500.000 | 300.000 |
| Rita | 650.000 | 570.000 |

(Heimild: Arnþór Garðarsson)

| | 1990 | 2005 til 2009 |
|---|---|---|
| Hvítmávur | 8.000 | 2.400 |

(Heimild: Ævar Petersen)
(Fjöldinn mældur í pörum)



# Allt fyrir útileguna



**ECLIPSE 300 TJALD**
Þriggja manna. Vatnsheldni 2000 mm, 100% pólýesterdúkur með öndunareiginleikum, þyngd 4,4 kg. Ytri mál: 360 x 120 x 130 cm.

**16.995,-**

**WILMINGTON TJALD, TVÖFALT**
Fjögurra manna. Vatnsheldni 3000 mm, 100% pólýesterdúkur með öndunareiginleikum, þyngd 12,1 kg. Ytri mál: 540 x 235 x 210 cm.

**40.795,-**



**EXPRESS KOL, 5 KG**
Premium Express viðarkol, unnin úr blönduðum FSC-vottuðum viði. Beyki, Hornbeam og eik.

**2.390,-**



**SÓLHLÍF ÚR MÁLMI/PÓLÝESTER**
Þv. 180 cm, hægt að halla. Fæst í mörgum litum.

**1.589,-**



**EASY CAMP NEWTON**
Newton lukt með rafhlöðum. Logar í 6 klst. St. 6 x 11 cm.

**395,-**



**GO ANYWHERE KOLAGRILL**
Grillflötur 41 x 25 cm. Tekur lítið pláss, postulínsglerungshúð á botni og loki. Þreföld nikkelhúðun á fótunum, sem virka sem lás fyrir lokið.

**10.990,-**



**SÓLSTÓLL**
Blár. Opnast og leggst saman á augabragði. Hámarksburðarþol 100 kg, þyngd 2,5 kg.

**2.695,-**



**KÆLIBOX RAFM. 24 L**
Með kæli- og hitastýringu.

**14.295,-**

Auglýst verð gildir frá fimmtudeginum 10. júlí til og með miðvikudeginum 16. júlí 2014. Gildir á meðan birgðir endast.

BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - www.bauhaus.is

# SKOÐUN

Við ætlum að taka á móti 10–15 Sýrlendingum: **1,6%**

Í gær skaut svonefndur draugur upp kollinum á netinu; gamalt myndband af Sir Nicholas Winton í sjónvarpssal BBC. Án þess að vita af því situr hann í fullum sal af gyðingum frá Prag, fólki sem hann bjargaði frá nasistum þegar þau voru börn. Þetta er áhrifaríkt myndband og sá sem þetta skrifar er nú ekki meiri harðjaxl en svo að hann komst við þegar það bar fyrir augu. Nicholas þessi Winton vann sér það til frægðar að hafa á árunum 1938-1939 bjargað alls 669 börnum frá nær öruggum dauða. Afrek hans varð reyndar ekki almennt á vitorði fólks fyrr en 50 árum síðar þegar konan hans komst í dagbækur Wintons og sagði af þrekvirki manns síns.



**Mikael Torfason**
mikael@frettabladid.is

Nicholas bjargaði börnunum og kom þeim í fóstur hjá fjölskyldum víðs vegar um Bretland. Hann hélt skrá yfir börnin og hvert þau fóru. Þessa skrá komst konan hans svo í og tók að senda fólkinu bréf sem endaði svo í fyrrnefndum sjónvarpssal. Þetta einstaklingsframtak minnir okkur á hvað við flest gerum í raun lítið til að hjálpa bræðrum okkar og systrum. Víst er að ekki skortir verkefnin og tækifærin til að drýgja hetjudáð og bjarga börnum frá ööld. Við Íslendingar teljum okkur í þessu samhengi vilja fólki almennt vel en gleymum því oft þegar á hólminn er komið. Í vor tilkynnti Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra reyndar að við ætlum að taka á móti tíu til fimmtán manns frá Sýrlandi, helst börnum, en því miður kemur sú viljayfirlýsing okkur seint á blað yfir sannkallaða mannvini. Miðað við höfðatölu er þetta sambærilegt því að Svíar tækju á móti ríflega fjögur hundruð flóttamönnum. Það gera þeir ekki. Þeir hafa síðustu tvö ár tekið á móti 26 þúsund manns frá Sýrlandi. Ef við Íslendingar vildum standa jafnfætis Svíum þyrftum við að taka á móti 900 flóttamönnum til viðbótar við þessa tíu eða fimmtán. Við rétt klórum upp í 1,6 prósent af því sem Svíar hafa afrekað á þessu sviði. Og þeir virðast hvergi nærri hættir.

Yfir milljón sýrlensk börn eru á flótta en átökin í föðurlandinu hafa nú staðið yfir í um þrjú ár. Talið er að í heild séu um þrjár milljónir barna í verulegum vandræðum á þessu svæði. Þau búa ekki við öryggi og matur og lyf eru af skornum skammti. Við getum auðvitað ekki bjargað þeim öllum. Við getum heldur ekki leyst úr vandræðum fyrir botni Miðjarðarhafs. Kannski getur enginn mannlegur máttur leyst úr þessari flækju og það er eðlilegt að upplifa mikinn vanmátt þegar hugað er að hörmungum í heiminum. En við getum samt gert betur en að bjóða tíu eða fimmtán manns hæli á Íslandi.

Flugfarþegum er kennt af flugþjónum að setja súrefnisgrímuna fyrst á sjálfa sig og því næst á börn sín, á þeirri forsendu að farþegar geri lítið gagn falli þeir í ómegin. Vissulega verðum við að huga hér að innviðum og stefna að því að vera í stakk búin til að geta rétt út hjálparhönd. Aðstæður flóttafólks eru hins vegar slíkar, borið saman við þá velmegun sem við búum við hér, að það má heita ómerkilegt að blanda umræðu um hjálparstarf sem þetta saman við þjóðarstolt og þjóðerniskennd. Jaðrar við mannvonsku. Við ættum hæglega að geta tekið á móti nokkur hundruð börnum frá Sýrlandi þótt margt megi betur fara á Íslandi. Því verður nefnilega seint trúað að það sé eitthvað í fari Íslendinga sem geri okkur minni manneskjur en Svía eða Sir Nicholas Winton.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Innflutningur hin mesta vá**

Haraldur Baldursson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sagði í viðtali við Fréttablaðið í gær að verndartollar á svínakjöti væru til hagsbóta fyrir neytendur. Taldi hann óráðlegt að gefa innflutning á svínakjöti frjálsan og líkti því við óheftan innflutning á ódýru vinnuafli. Samanburðurinn er áhugaverður og á meðan sitja neytendur uppi með verndartolla fyrir öll þrettán svínabúin á landinu og svimandi hátt verð á matvælum.

**Þorláksbúð enn til vandræða**

Nú hefur hin íslenska þjóðkirkja hlaupið undir bagga með Þorláksbúðarfélaginu og hjálpað því að greiða rúmlega ellefu milljóna króna skuld við smið Þorláksbúðar. Einn af forsvarsmönnum þessa félags er Árni Johnsen, fyrrverandi alþingismaður. Hann telur neikvæða umfjöllun hafa haft mikil áhrif á fjárhagsstöðu félagsins. Það hefur svo sannarlega ekki gengið þrautalaust fyrir sig að koma upp byggingunni.



**Hannes rannsakar hrunið**

Hannes Hólmsteinn Gissurarson mun hafa yfirumsjón með rannsókn Félagsvísindastofnunar um erlenda áhrifaþætti bankahrunsins árið 2008. Margt hefur verið sagt um það ráðslag og margir viljað skoða persónu Hannesar í því efni. Enginn hefur hins vegar spurt Félagsvísindastofnun af hverju Hannes, af öllum mönnum, hafi verið valinn til þess að stýra verkinu. Ætli háskólinn sé enn að reyna að verða einn af 100 bestu háskólum heimsins?

**sveinn@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Endurhugsun á menntakerfinu

**MENNTAMÁL**



**Arnaldur Sigurðarson**
áheyrnarfulltrúi Pírata í skóla- og frístundaráði Reykjavíkurborgar

Núna hef ég nýlega tekið að mér hlutverk sem áheyrnarfulltrúi Pírata í skóla- og frístundaráði hjá Reykjavíkurborg. Það hefur verið mörgum nokkuð ljóst að mikið þarf að laga í menntakerfi Íslands. Menntun eins og við þekkjum hana er víðast hvar mjög svipuð í hinum vestræna heimi. Maður byrjar í leikskóla, fer svo í grunnskóla, framhaldsskóla og loks háskóla. Þessi mismunandi stig menntunar hafa öll svipaða uppbyggingu þar sem fögum er raðað niður eftir því hversu mikilvæg þau eru talin vera. Fyrst er móðurmálið, stærðfræði og raunvísindi, hugvísindi eru aftarlega og list- og verkgreinar reka lestina. Þessa uppröðun má rekja aftur til iðnbyltingarinnar.

Þessi uppbygging menntunar er hins vegar úrelt í heimi internetsins. Heimurinn er að breytast mjög hratt og ný tækni er þróuð mun hraðar en áður. Tækniþróun mun brátt gera störf óþörf hraðar en hægt er að skapa þau en sumir sérfræðingar vilja meina að við séum nú þegar komin á það stig. Þannig virðist vera með unga fólkið sem útskrifast úr háskóla en fer svo beint á bætur því erfitt reynist að finna starf á þeirra sviði.

Í íslenska menntakerfinu er mun meira brottfall úr námi en annars staðar á Norðurlöndunum. Það er einnig áhyggjuefni hversu mikið fleiri drengir flosna úr námi en stúlkur samkvæmt skýrslu OECD sem kom út árið 2011. Þetta á sérstaklega við nemendur sem glíma við námserfiðleika eins og t.d. lesblindu eða ADD, sem eru líklegri til að flosna upp úr námi vegna þess að námið höfðar ekki til þeirra.

**➜Nú er tími fyrir menntakerfi upplýsingaaldarinnar.**

Ef lögð er meiri áhersla á sköpun og listnám á öllum skólastigum, mun það snarauka möguleika nemenda til þess að efla þá fjölbreyttu hæfileika sem þeir búa yfir. Kennsla í tölvuforritun í grunnskólum mun undirbúa nemendur fyrir framtíð sem er mjög háð netinu. Þar að auki eru allar starfsstéttir að verða tölvuvæddari og því mjög mikilvægt að vera tölvulæs.

Innleiða þarf persónulegri menntun sem hentar hverjum nemanda og gefur honum betri tækifæri til þess að rækta hæfileika sína. Menntun á netinu á borð við Coursera og Khan Academy er þegar notuð sem viðurkenndur hluti af námi í nokkrum skólum í Bandaríkjunum. Það er aðeins spurning um hvenær menntun á internetinu fer í beina samkeppni við hefðbundna menntun. Eigum við að halda okkur við iðnbyltingarmódelið og leyfa alvarlegri menntakrísu að eiga sér stað? Nú er tími fyrir menntakerfi upplýsingaaldarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Ræningjar leika lausum hala í sveitum landsins

NÁTTÚRUVERND



Stefán Þórsson
landfræðingur

Umhverfisstofnun (UST) hefur gefið út yfirlýsingu þess efnis að gjaldtaka við Kerið sé ólögmæt. Sú ólöglega miðasala hefur nú staðið yfir í eitt ár, en mun vonandi verða stöðvuð fljótlega þar sem UST virðist loksins ætla að sinna lögbundinni skyldu sinni, sem er m.a. sú að náttúruverndarlög séu virt og þeim sé framfylgt. Í yfirlýsingunni kom einnig fram að gjaldtaka landeigenda í Mývatnssveit sé án allra lagaheimilda og þar með ólögleg, m.ö.o. þjófnaður.

Það skýtur samt skökku við að UST ætli sér að bjóða lögbrjótum við Kerið að samningaborðinu og bjóða þeim samning við stofnunina, sem væri þá forsenda einhvers konar gjaldtöku á svæðinu. Eðlilegra væri að lögbrjótarnir bæðust afsökunar á framgangi sínum og væru fegnir því að sleppa við ákæru fyrir fjársvik. Litlar líkur eru á því að þeir hafi áhuga á samningi við stofnunina, þar sem arðgreiðslur yrðu óheimilar í þeim samningi. Þetta snýst nefnilega um náttúruvernd, en ekki að græða peninga.

Linkind og aumingjaskapur stjórnvalda gegn þessum sjálftökumönnum er óskiljanlegur og mun væntanlega engin breyting verða þar á fyrr en Íslendingar átta sig á hversu alvarlegt mál er á ferðinni og láta í sér heyra. Almenningur verður að gera sér grein fyrir því hve hættulegt fordæmi mun skapast ef svona sjálftaka verður látin óáreitt og grundvallarréttindum okkar stofnað í hættu. Á ég þar við rétt okkar til frjálsrar farar um eigið land án þess að greiða óprúttnum landeigendum gjald fyrir. Gjald, sem er ekki bara ólöglegt og án allra lagaheimilda, heldur líka byggt á fölskum forsendum, þar sem upphrópanir um landspjöll eiga sjaldnast við rök að styðjast. Sumir virðast líka lifa í þeirri blekkingu að einungis erlendir ferðamenn muni greiða fyrir aðgang að náttúruperlum okkar, en það er auðvitað alrangt. Íslenskar fjölskyldur munu greiða rétt eins og útlendingurinn, ef þessir ræningjar fá að leika lausum hala um land allt. Hvar mun það enda ef landeigendum verður í sjálfsvald sett hvort þeir rukka fyrir aðgang að sínu landi, þ.e. hvar á að draga mörkin? Ætla Íslendingar að afsala sér þessum grundvallarrétti án þess að láta í sér heyra? Því trúi ég ekki.

**➜ Almenningur verður að gera sér grein fyrir því hve hættulegt fordæmi mun skapast ef svona sjálftaka verður látin óáreitt og grundvallarréttindum okkar stofnað í hættu.**

### Grundvallarréttur

Lögin eru skýr og réttur okkar verður ekki afnuminn, jafnvel þótt ferðamálaráðherra og ríkisstjórnin haldi verndarvæng yfir lögbrjótunum. Þjóðin verður að sýna stjórnvöldum að réttur þeirra til frjálsrar farar um eigið land er ekki lögfræðilegt vafaatriði, heldur lögbundinn grundvallarréttur okkar. Það gerum við með því að skoða Geysi, Kerið, Námaskarð og Leirhnjúk án þess að greiða krónu fyrir. Þess má geta að öll uppbygging á fyrrnefndum svæðum hefur verið kostuð af almannafé og hafa landeigendur aldrei lagt krónu í þessi svæði, nema kaup á posavélum. Það er fjárfestingin og kostnaðurinn sem þeir tala um. Íslendingar greiða nóg í skatta og gjöld og hefur heilmiklu opinberu fé verið varið í ferðamannastaði, þótt ýmislegt megi vafalaust bæta. Þar að auki streymir fé inn í ríkiskassann frá erlendum ferðamönnum og er ekkert sjálfsagðara en að þaðan komi peningarnir.

Hætta er á því að landeigendur muni beita lokunum inn á lönd sín ef þeir fá ekki að stunda sín lögbrot í friði. Heimild landeigenda til að loka eða takmarka umferð fólks er til staðar í náttúruverndarlögum, en var að sjálfsögðu ekki hugsuð til þess að vera misnotuð á þann hátt. Ef svo fer, þá ber stjórnvöldum að krefjast eignarnáms á viðkomandi jörðum í þágu almannahagsmuna. Í því ljósi hlýtur líka að vera nauðsynlegt að breyta þessu ákvæði náttúruverndarlaga á þann hátt, að landeigandi þurfi að gera grein fyrir sinni lokun til Umhverfisstofnunar og jafnvel fá til þess leyfi. Að vera pirraður á göngufólki væri til dæmis ekki gild ástæða.

# Allt í gríni: Seðlabankastjóri eins og allt hitt

SEÐLABANKI



Kjartan Jóhannsson fv. ráðherra og sendiherra

Nú liggur fyrir hvaða áherslur gilda við val á næsta seðlabankastjóra. Valnefnd hefur verið tilnefnd og sett til verka. Hingað til hafa sjálfsagt margir staðið í þeirri trú að seðlabankastjóri væri fyrst og fremst að fást við hagræn verkefni, það stendur víst eitthvað um það í lögum og því kannske von að ýmsir stæðu í þeirri meiningu. Nú er það vitaskuld þannig að framganga Seðlabankans að undanförnu hefur einkum birst í túlkun laga og lögleysu, banni við því sem áður var leyft og lögsókn á brotlega. Rök hljóta að standa til þess að þetta nýja hlutskipti og hlutverk Seðlabankans hafi leitt landsstjórnendur til þess að komast að þeirri niðurstöðu að hagstjórnarverkefni Seðlabankans sé orðið skör lægra sett en hæfileikinn til svipuþunga í laganna túlkun og framkvæmd við framfylgd hafta og hamla sem sett hafa verið á landsins þegna. Valið á yfirstjórnanda Seðlabankans eigi þess vegna að njóta forystu og því kannske reynslu lögreglunnar í formi hennar fremsta manns, lögreglustjórans í Reykjavík.

Þau sem valist hafa til þess að velja næsta seðlabankastjóra eru sem sagt eins og lög gera ráð fyrir þrjú. Formaðurinn er hinn löglærði lögreglustjóri í Reykjavík. Hinir eru vissulega líka afbragðsfólk, lögfræðingur, reynslurík frú af búsetu í Sviss, þar sem menn kunna vel á peninga, og svo fyrrverandi prófessor með fínan akademískan bakgrunn og nýfengna dýrmæta reynslu af búskap í dvalarlandi sínu Danmörku.

**➜ Ég er ekki viss um að svona grín sé landi okkar holt.**

Allt er þetta prýðisfólk, en vilji menn telja hlutverk Seðlabankans annað en lagastúss er rökhalli á nefndarskipuninni, nema ef vera skyldi að þetta sé allt í gríni eða til þess að gantast við okkur og draga okkur blessaða þjóðfélagsþegnana á asnaeyrunum og draga dár að okkur, svona í stíl við að segja okkur að borga 200 milljónir fyrir að flytja stofnun milli landsfjórðunga í óþökk allra eða bíða eftir einhverjum Íslandspassa árum saman, gleyma að koma rafmagni til Akureyrar en láta forsetann samtímis telja þýðverskum trú um að við getum selt þeim gnægð orku líklega þó minna en 1 prósent af þörf þeirra, ef að er gáð.

Það getur vel verið að fjármálaráðherra telji sér nauðsyn að standa sig í skopkeppni hinna stjórnvitringanna í hinum ýmsu stýristöðum. Mér finnst gaman að gríni og kannske ekki síst þess konar sem jaðrar við hið absúrda, en ég mundi geyma það í annað en þetta.

Hér er á ferðinni að velja mann í vandasamasta og áhrifamesta embætti á sviði hagstjórnar á Íslandi. Meirihluti valnefndar hefur ekki menntun né bakgrunn í hagfræðilegum efnum en býr yfir sérkunnáttu á allt öðru sviði og málefnum. Ég er ekki viss um að svona grín sé landi okkar holt hvorki til innlends né útlends brúks, þótt sumir kunni að skella upp úr.








Til leigu

Klettagarðar 6, stórt atvinnuhúsnæði

Reitir fasteignafélag bjóða til leigu 2.819 m² atvinnuhúsnæði fyrir umfangsmikla starfsemi. Aðkoma að húsinu er eins og best verður á kosið, bæði fyrir gesti og atvinnutæki. Um er að ræða rúmgóðan sal með þremur innkeyrsluhurðum, minni sal með innkeyrsluhurð, fallegt skrifstofurými á efri hæð, eldhús, snyrtingu og sturtuaðstöðu.

Fiskislóð 10, skrifstofuhúsnæði

Reitir bjóða til leigu vandað 585 m² skrifstofuhúsnæði á annarri hæð á vinsælum stað, steinsnar frá miðbænum. Rýmið skiptist í opið rými, fundarherbergi, nokkrar lokaðar skrifstofur og rúmgóða starfsmannaaðstöðu.

Nánari upplýsingar veitir Halldór Jensson sölustjóri í 840 2100 eða halldor@reitir.is.

Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Við leigjum út yfir 130 eignir af öllum stærðum og gerðum um allt land.

REITIR

Kringlan 4–12 103 Reykjavík www.reitir.is 575 9000

# NÝR MITSUBISHI **OUTLANDER**




**Mitsubishi Outlander PHEV** er fyrsti fullvaxni rafknúni fjórhjóladrifsbíllinn sem knúinn er íslenskri orku og bensíni; þitt er valið. Hann er tvíorkubíll svo að þú bara stingur í samband og sparar bensínið til betri tíma. Ef þú vilt vernda umhverfið, hvíla veskið eða fá þér öruggan fjórhjóladrifinn fjölskyldubíl er Outlander málið.

**Mitsubishi Outlander**
PHEV (Plug-in Hybrid)
**6.690.000 kr.**

**Mitsubishi Outlander**
Intense Bensín
**5.290.000 kr.**


Einfalt að hlaða.


Snjallsíma app fylgir.


Bensínvél hleður rafmagnið.

Búnaður í Otlander PHEV: 18” álfelgur, aðgerðastýri, upplýsingaskjár í mælaborði með bakkmyndavél, USB tengi og handfrjáls símabúnaður, hraðastillir með fjarlægðarskynjara, árekstravörn, akreinavari, tvískipt tölvustýrð miðstöð, upphituð framsæti, upphituð framrúða, AM/FM útvarp CD/MP3 spilari, rafdrifnir og upphitaðir útispeglar með stefnuljósum, vindskeið að aftan með LED lýsingu, þokuljós að framan með beygjuljósum, regnskynjari á rúðuþurrkum, sjö öryggispúðar, skyggt gler í hliðar- og afturrúðu, svartir langbogar á þaki, þvottasprautur á aðalljósum, dagljósabúnaður.

---

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# EV

VIÐ FÖGNUM

**35**

ÁRUM MEÐ
ÍSLENDINGUM




MITSUBISHI
MOTORS

FYRIR HUGSANDI FÓLK

# TÍMAMÓT


†



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**GYÐU ÞORSTEINSDÓTTUR**
**Aflagranda 40, Reykjavík.**

**Hildur Jóhannsdóttir** **Sveinbjörn Guðmundsson**
**Garðar Jóhannsson** **Laufey Björnsdóttir**
**Júlíus Björn Jóhannsson** **Martha Jensdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

†



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ESTHER ÁSGEIRSDÓTTIR**
**Ferjuvaði 11,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir föstudaginn 4. júlí.
Útför hennar fer fram föstudaginn 11. júlí klukkan 13.00 frá Kapellunni í Fossvogi.

**Jóhann Einarsson**
**Ásta Sigríður Stefánsdóttir**
**Olga Jóhanna Stefánsdóttir** **Jón Þór Eyþórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**ÓLAFS HREIÐARS ÁRNASONAR**
**Sóltúni 13.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks á deild 13G Landspítalanum við Hringbraut.

**Magnúsína Guðmundsdóttir**
**Guðmundur Ólafsson** **Lára Erlingsdóttir**
**Sjöfn Ólafsdóttir** **Erlingur Hjaltason**
**Guðrún Ólafsdóttir** **Magnús Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, sonur, bróðir og afi,

**ÞORVALDUR JÓNSSON**
**framkvæmdastjóri,**
**Kotárgerði 1, Akureyri,**

lést á heimili sínu 28. júní.
Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 14. júlí kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Heimahlynningu á Akureyri eða Krabbameinsfélag Akureyrar.

**Harpa Viðarsdóttir**
**Jón Viðar Þorvaldsson** **Anna Rósa Halldórsdóttir**
**Karen Birna Þorvaldsdóttir** **Valþór Ingi Einarsson**
**Sigrún Stella Þorvaldsdóttir**
**Jón I. Þorvaldsson** **Sigrún Stella Jónsdóttir**
**Helgi Jónsson** **Halla Harðardóttir**
**Eiður Bekan og Egill Ernir**
**og aðrir aðstandendur.**

LEGSTEINAR
MIKIÐ ÚRVAL AF FYLGIHLUTUM
VÖNDUÐ VINNA



Steinsmiðjan Mosaik
Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is





## MERKISATBURÐIR

**1357** Hornsteinn er lagður að Karlsbrúnni í Prag.

**1816** Argentína lýsir yfir sjálfstæði.

**1916** Vopnaður enskur togari tekur farþegaskipið Flóru á leið frá Reykjavík til Siglufjarðar með 100 farþega innanborðs og er því siglt til Bretlands. Farþegarnir voru sendir heim með öðru skipi síðar í sama mánuði.

**1940** Mikið haglél gerir í Hrunamannahreppi og lækir stíflast af aurburði.

**1946** Skemmtigarðurinn Tívolí í Reykjavík opnaður. Þar eru meðal annars bílabraut, hringekja, Parísarhjól og danspallur.

**1956 Tom Hanks, bandarískur leikari fæðist.**

**1964** Courtney Love, bandarísk tónlistarkona, fæðist.

**2011** Suður-Súdan fær sjálfstæði frá Súdan.





**FJÖLHÆF** *Jóhanna Þórhallsdóttir er hæfileikarík á hinum ýmsu sviðum listarinnar og opnar sína fyrstu listaverkasýningu.* FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Nýtir kórreynsluna í listaverkum sínum

Listakonan Jóhanna V. Þórhallsdóttir stjórnaði mismunandi kórum í um tuttugu ár og nýtir sér þá reynslu í myndefni fyrir sýningu sem verður opnuð um helgina.

„Mér þótti í þessu tilfelli gott að nota andlitin, og svo er maður alltaf að hugsa um fólkið í kringum sig, alla kórana sína, vinkonur og vini. Það kviknar hugmynd og maður djassar sig einhvern veginn í gegnum þetta," segir listakonan Jóhanna V. Þórhallsdóttir en hún opnar sína fyrstu myndlistarsýningu á laugardaginn í listasalnum Anarkíu í Kópavogi. Ásamt henni opnar myndlistarkonan Hulda Vilhjálmsdóttir einnig sýningu.

Jóhanna, sem einnig er söngkona, stýrði hinum ýmsu kórum í rúm tuttugu ár og nýtir hún sér þá reynslu í myndlistinni. „Andlitið er persónulegasta eign hverrar manneskju og flestir eyða stórum hluta ævi sinnar fyrir framan spegil. Fólk veltir fyrir sér nefi, eyrum, munni og augum og horfir gagnrýnum augum á allar ójöfnur húðarinnar. Kór er samsafn af syngjandi andlitum þar sem séreinkennin hverfa inn í eina syngjandi heild og ég nýti mér það," segir Jóhanna, sem hefur á sínum langa ferli mikið spáð í andlit og svip einstaklinga. „Ég hef alltaf haft gaman af að vera með góðu fólki og alltaf verið með marga í kringum mig, og þá er einhvern veginn ekki annað hægt en að spá í andlitssvipinn. Annars er ég nú hálffeimin við að tala um þessi verk. Þetta er bara fyrsta vers. Ein lítil hugmynd. Bæði andlit og svo er líka slatti af brjóstum," segir Jóhanna og hlær.

Sýningin dregur nafn sitt af stærsta verki Jóhönnu, sem hún kallar Þögla kórinn. „Ég reyni að finna tóninn í andlitum einstaklinganna. Það má líka örugglega greina að þetta er kvennakór enda stýrði ég þungavigtakórnum, Léttsveit Reykjavíkur með 120 konum, lengst af kórstjórnarferli mínum."

Jóhanna hefur verið að mála í fimm ár. „Ég fór fyrst í Myndlistarskóla Kópavogs til Söru Vilbergsdóttur og svo í fornámið í Myndlistarskóla Reykjavíkur," segir Jóhanna spurð út í reynsluna. Hún prófaði einnig nám í textíldeild Myndlistarskóla Reykjavíkur en kunni betur við sig í málningunni. „Ég er tengd olíunni, lyktin er svo góð og mér fannst hún bara skemmtilegri. Ég fór í Kópavoginn aftur til Söru og líka til Bjarna Sigurbjörnssonar. "

Um tvö ár eru síðan að Jóhanna hætti sem kórstjóri en þýðir það að hún sé hætt að syngja? „Ég kenni söng í Söngskóla Sigurðar Demetz og hætti nú seint að syngja. Ég er nýkomin úr stúdíói og verð með nýjan geisladisk í haust. Ég þagna ekki, þótt kórinn sé þögull," segir Jóhanna létt í lundu.

Sýningin verður opnuð klukkan 15.00 í listasalnum Anarkíu í Kópavogi og stendur til 3. ágúst. gunnarleo@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 9. JÚLÍ 2006

# Ítalir verða heimsmeistarar í fjórða sinn

Einn sögulegasti úrslitaleikur heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu fór fram þennan dag á Ólympíuleikvanginum í Berlín árið 2006. Þar mættust tvö evrópsk stórveldi, Ítalía og Frakkland, en bæði liðin eiga ríka sögu og knattspyrnuhefð.

Leikurinn var gífurlega spennandi frá fyrstu mínútu en Frakkar voru fyrri til að skora og skoraði Zinedine Zidane fyrir Frakka úr vítaspyrnu á sjöundu mínútu leiksins. Einn mesti óvinur Zidanes, Marco Materazzi, varnarmaður Ítala, jafnaði leikinn á nítjándu mínútu leiksins en þeir tveir áttu eftir að eiga náin samskipti síðar í leiknum.

Eftir níutíu mínútna leik var enn jafnt og því tók við æsispennandi framlenging. Í framlengingunni áttu þeir Zidane og Materazzi orðaskipti sem enduðu með því að Zidane skallaði Materazzi í bringuna og uppskar rautt spjald. Atvikið er fremur sorglegt þar sem leikurinn var sá síðasti sem Zidane lék á knattspyrnuferli sínum.

Staðan var enn eitt mark gegn einu eftir framlengingu og vítaspyrnukeppni tók því við. Í henni nýttu Ítalir allar sínar spyrnur en Frakkinn David Trezeguet klúðraði sinni spyrnu og unnu Ítalir því leikinn og fögnuðu sínum fjórða heimsmeistaratitli.



**SÖGULEGT** Hér sést Zinedine Zidane skalla Marco Materazzi í þessum sögulega úrslitaleik.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**ÞJÓÐDANSAMÓT**

**Þjóðdansafélagið í samvinnu við Nordlek stendur fyrir norrænu þjóðdansa- og þjóðlagamóti í Mosfellsbæ dagana 9. til 12. júlí. Mótið fer fram í Íþróttamiðstöðinni við Varmá. Nánar á www.mosfellsbaer.is.**


















# NAGGRÍS Í MATINN

**FERÐIR** *Ásgerður Kjartansdóttir bókasafnsfræðingur er vinur Perú. Hún heklaði 145 gullfallegar húfur sem hún færði fátækum börnum í Andesfjöllunum.*

Maturinn í Perú var ljúffengur og fengum við meðal annars að prófa þjóðarrétt Perúmanna sem er steiktur naggrís," segir Ásgerður, sem er ekki smeyk við að leggja sér til munns framandi rétti þegar hún er á faraldsfæti um heiminn.

„Naggrísakjötið minnti svolítið á önd; var brúnt, stökkt og virkilega gott. Kjötið sér maður á öllum mörkuðum í Perú og sérstaklega í fjöllunum."

**ÞÚSUND BÆKUR FYRIR FÁTÆK BÖRN**

Ásgerður er heilluð af landi og þjóð eftir ríflega tveggja vikna ferðalag um Perú.

„Forsprakki ferðarinnar var Sigrún Klara Hannesdóttir, fyrrverandi landsbókavörður, sem bjó og starfaði í Perú fyrir hartnær fjörutíu árum. Ferðin var því eins konar pílagrímsferð vina og fjölskyldu Sigrúnar Klöru um gamalkunnar slóðir," útskýrir Ásgerður, sem ásamt þremur öðrum vinkonum Sigrúnar Klöru slóst í hópinn til Perú.

Sigrún Klara stofnaði árið 2007 samtökin Vini Perú sem styður meðal annars barnaskóla í fjallaþorpinu Chosecani.

„Þannig hafa Vinir Perú meðal annars byggt eldhús til að tryggja að börnin fái morgunmat því með mettan maga læra þau betur í skólanum," segir Ásgerður.

Á ferð sinni um Perú heimsóttu ferðafélagarnir barnaskólann í Chosecani og fleiri skóla í fátækrahverfum Líma.

„Sigrún Klara varð sjötug í fyrra en afþakkaði þá afmælisgjafir og óskaði í staðinn eftir fjárframlögum til að geta opnað skólabókasafn í fátækrahverfinu Quebrada Verde í Líma. ▶

**MACHU PICCHU** Ásgerður í Inkaborginni Machu Picchu í Perú. Hún segir fegurð og orku staðarins óraunverulega. Nú er vetur í Perú og tók héluð jörð á móti ferðafólkinu frá Íslandi.
MYND/ÚR EINKASAFNI




LAGERSALA
40-70% afsláttur af garni og hannyrðavöru.
Úrval – gæði – Þjónusta
Amma mús – handavinnuhús
Ármúla 18, 108 Reykjavik
Opið mán – fös 9-18
sími 511 3388
Amma mús -handavinnuhús

SÓFAR
Í ÖLLUM STÆRÐUM
frá 233.730 kr.
Verð áður 333.900 kr.
30% AFSLÁTTUR
af öllum sófum / sófasettum
*Í VÖLDUM ÁKLÆÐUM Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
Texas
Verðdæmi:
3ja sæta frá 144.130kr. verð áður 205.900
Sófasett 3+1+1 frá 300.230kr. verð áður 528.066
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Torino
Verðdæmi:
Tungusófar 2+tunga frá 180.530kr. verð áður 257.900
Hornsófar 2H2 frá 233.730kr. verð áður 333.900
Sófasett 3+1+1 frá 260.330kr. verð áður 371.900
Basel frá 127.330 kr. Verð áður 181.00 kr.
Dallas frá 199.430 kr. Verð áður 284.900 kr.
Verið velkomin í heimsókn!
Opið virka daga kl.10-18
Patti HÚSGÖGN
Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT



**HÚFUR Í CHOSECANI** Ásgerður og Sigrún Klara með húfuprýddum börnum í barnaskólanum í Chosecani. MYND/ÚR EINKASAFNI

▶ Bókasafnið var svo opnað með pompi og prakt á meðan við vorum í Perú og tókst að kaupa þúsund bækur fyrir afmælisféð ásamt því að veita styrk til tölvukaupa fyrir börnin."

**STELPUR MEÐ BLEIKAN SMEKK**

Ferðalangarnir frá Íslandi tóku með sér níu myndarlegar ferðatöskur sem innihéldu fatnað og skóladót fyrir perúsku skólabörnin.

„Ég hef alltaf haft yndi af því að hekla og vissi að konur í Grensássókn prjónuðu sokka fyrir skólann í Chosecani. Því datt mér í hug að hekla húfur handa börnunum og stefndi að 150 húfum þremur mánuðum fyrir brottför. Eftir að hafa setið við hannyrðir í öllum mínum frístundum stóð ég svo uppi með 145 húfur úr garni frá vinum og ættingjum og þótti gott að geta gefið börnunum skjólgóðar húfur því á kvöldin og um nætur verður gríðarlega kalt í Andesfjöllunum," segir Ásgerður.

Börnin tóku íslenskum velgjörðarmönnum sínum vel og voru ánægð með skóladótið og húfurnar.

„Þegar krakkarnir fengu að velja sér húfu að eigin vali kom berlega í ljós að smekkur stúlkna er sá sami hvar sem þær búa í heiminum því allar vildu indíánastelpurnar í Andesfjöllunum bleikar og fjólubláar húfur," segir Ásgerður hlæjandi.

Hún segir börnin hafa verið hrein og vel til höfð í skólabúningum sem sumir voru slitnir og margir alltof litlir eða stórir.

„Ég bjó um tíma í Malaví í Afríku þar sem ég sá meiri eymd og fátækt en í Perú. Hins vegar er eins og tvær þjóðir búi í Perú og gífurleg fátækt í fjöllunum. Því vantar þar margt og ekki vanþörf á að leggja snauðum Perúbúum lið."

**BÖRNIN BRÆDDU HJÖRTUN**

Ásgerður ferðaðist víða um Norður- og Suður-Perú, meðal annars til gömlu heimaborgar Sigrúnar Klöru sem sýndi þeim háskólann sem hún starfaði við.

„Ferðin var ævintýri frá upphafi til enda og mig langar aftur til Perú sem er ekki bara Machu Picchu og Inkastígurinn. Þar er að finna stórmerkileg söfn og fornminjar sem hljóta að vera gósenland fornleifafræðinga. Náttúra Perú er ægifögur, fólkið kemur við hjartað á manni og börnin bræða mann. Ég vil því láta enn frekar gott af mér leiða," segir Ásgerður, sem er gengin til liðs við Vini Perú.

„Það sem stendur upp úr er stórfengleg fegurð og orka Machu Picchu en líka móttökurnar í Andesfjöllunum þar sem börnin í Chosecani höfðu skipulagt tveggja tíma dagskrá með ljóðum, söng og dansi. Það þótti okkur afar vænt um. Það var líka einstök upplifun að koma til Titicaca-eyja sem eru búnar til úr sefi og dúa eins og vatnsrúm þegar maður stígur á land. Þar hefur fólk búið á fjörutíu sefgrasseyjum um aldir."

■ thordis@365.is





**TÖFRAR PERÚ** Á efri myndinni er lítil hnáta í hefðbundnum fatnaði fjallabúa sem einkennist af mjög litríkum fötum.
Á neðri myndinni er gömul kona að selja salat á markaði.
MYNDIR/ÚR EINKASAFNI

# FYRIRTÆKJALAUSNIR Í FERÐAÞJÓNUSTU

MIÐVIKUDAGUR 9. JÚLÍ 2014

## Frábær ferðamáti

Í dag eru þrjár leigur starfandi hérlendis sem sérhæfa sig í Segway-ferðum. SÍÐA 2

## Flókið ferli

Þeir sem leigja út heimili sín til ferðamanna gegn greiðslu þurfa að hafa þar til gert starfsleyfi. SÍÐA 2

## Smíða frá grunni

RB rúm hafa framleitt dýnur og rúm í sjötíu ár. Fyrirtækið þjónustar hótel og gististaði um land allt. SÍÐA 3



# Frábær ferðamáti

Undanfarin ár hefur **Segway-hjólum** fjölgað á Íslandi. Þau eru sérstaklega hentug fyrir ferðaþjónustur enda bjóða þau upp á marga skemmtilega möguleika.

Segway-hjólum hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár hérlendis og eru aðilar í ferðaþjónustu farnir að taka þau í þjónustu sína. Í dag eru þrjár leigur starfandi hérlendis sem sérhæfa sig í Segway-ferðum, ein í Vestmannaeyjum og tvær í Reykjavík. Jón Guðmann Jakobsson, markaðs- og sölustjóri Léttitækni, sem er umboðsaðili fyrir Segway-hjól hérlendis, segir þau bæði öruggan og þægilegan ferðamáta fyrir ferðamenn og aðra. „Í grunninn eru þetta tvær týpur af hjólum. Annars vegar er það I2-götuhjólið. Hægt er að bæta ýmsum aukabúnaði á það þannig að notagildi þess henti ólíkum hópum, t.d. ferðamönnum, öryggisvörðum og fleiri starfsstéttum. Hins vegar er um X2-útgáfuna að ræða sem er torfæruútgáfan. Það er einnig hægt að bæta aukabúnaði á það hjól, t.d. sérstökum dekkjum og búnaði fyrir golftösku þannig að hjólið hentar frábærlega vel fyrir golfara.“



Segway er öruggur, skemmtilegur og þægilegur ferðamáti fyrir ferðamenn. MYND/ÚR EINKASAFNI

Auk fyrrnefndra leiga getur yngri kynslóðin leigt sér hjól í Húsdýragarðinum í Reykjavík undir eftirliti foreldra.

Segway-hjólin henta við margvíslegar aðstæður að sögn Jóns. „Þau eru frábær viðbót við ferðaþjónustuna. Það verður sífellt vinsælla fyrir smærri hópa að fara saman í stutta túra á Segway, hvort sem það er innanbæjar eða úti í náttúrunni. Lögreglan og öryggisfyrirtæki víða um heim hafa notað Segway með góðum árangri enda er hægt að spara töluvert með notkun þeirra auk þess sem starfsmennirnir verða miklu sýnilegri fyrir vikið.“

> **Þau eru frábær viðbót við ferðaþjónustuna. Það verður sífellt vinsælla fyrir smærri hópa að fara saman í stutta túra á Segway, hvort sem það er innanbæjar eða úti í náttúrunni.**

Segway gengur fyrir rafgeymi sem hægt er að stinga í hleðslu nær alls staðar. „Flestir stinga þeim í samband yfir nóttina enda er það þægilegast. Við héldum að rafhlaðan myndi duga í fáein ár en nú er komin sjö ára reynsla á þær þannig að þær duga ansi lengi.“

Engin sérstök próf þarf til að nota Segway-hjólin en Léttitækni lætur þó alla sem kaupa hjólin ljúka námskeiði hjá þeim. „Það skiptir miklu máli enda vinnum við eftir ströngum reglum frá framleiðanda þeirra.“

***Nánari upplýsingar má finna á www.lettitaekni.is.***


Rekstur gistingar í heimahúsi er leyfisskyld starfsemi. MYND/VALLI

## *Flókið ferli að fá leyfi fyrir heimagistingu*

Einhverjir sjá það sem einfalt og þægilegt verk til að ná sér í smá aukapening að leigja út heimili sitt eða aukaherbergi í íbúðinni til ferðamanna í ákveðinn tíma. Málið er þó ögn flóknara en marga grunar.

Rekstur gistingar er leyfisskyld starfsemi enda mikil ábyrgð að bjóða gistingu án þess að hafa til dæmis brunavarnir í lagi. Gististaðir teljast staðir þar sem boðin er gisting til lengri eða skemmri tíma gegn endurgjaldi. Á þetta við um heimagistingu, gistingu í íbúðum, sumarhúsum, hótelum, gistiheimilum og gistiskálum.

Til að rekstraraðila sé heimilað að starfrækja starfsemi sína, leigja út heimili eða herbergi til gistingar, þarf viðkomandi að hafa þar til gert starfsleyfi að því tilskildu að hann uppfylli viðeigandi ákvæði laga og reglugerða. Til að sækja um leyfi þarf að framvísa vottorðum frá fimm mismunandi aðilum, hafa staðfest virðisaukanúmer og teikningu samþykkta af byggingafulltrúa.

Umsóknareyðublöð varðandi starfsleyfi er hægt að nálgast hjá sýslumannsembættum eða lögregluembættum um allt land. Þegar formleg umsókn hefur borist sýslumanni þarf samþykki frá vinnueftirliti, heilbrigðiseftirliti, eldvarnareftirliti og sveitarstjórn á viðkomandi svæði.

Ekki einungis er það mikil skriffinnska sem fylgir þessum ætlaða auðfengna gróða af gistisölunni heldur er ákveðinn kostnaður sem þarf að reiða af hendi til þess að fá rekstrarleyfi. Samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs er gjald fyrir rekstrarleyfi vegna heimagistingar 24 þúsund krónur. Leyfið er veitt til fjögurra ára í senn og hægt er að sækja um endurnýjun leyfis að þeim tíma liðnum. Fyrir endurnýjun leyfis þarf að greiða 7.100 krónur.

*Heimildir: ferdamalastofa.is, syslumenn.is, saf.is*

## *Helmingur breskra túrista kemur að vetri*

Síðustu þrjú ár hefur aukning ferðamanna verið hlutfallslega meiri að vetri til en að vori, sumri og hausti. Reyndar voru slegin fjöldamet í hverjum mánuði síðustu tvö árin en aukningin fór yfir tíu prósent í öllum mánuðum frá 2011 til 2013. Aukningin var mest (60 prósent) í nóvember 2012 og var yfir 40 prósentum í þremur mánuðum árið 2013; í febrúar, mars og desember.


Fjölgun ferðamanna mældist mest í nóvember 2012 eða um 60 prósent.

Þetta kemur fram í tölfræðibæklingi Ferðamálastofu, Ferðaþjónusta í tölum.

Þar sést einnig að þó að flestir ferðamenn, eða 44 prósent, komi hingað að sumri (júní-ágúst) þá kemur ríflega fjórðungur að vori eða hausti og um fjórðungur að vetri til.

Ferðamenn frá Mið- og Suður-Evrópu voru áberandi yfir sumarmánuðina í fyrra en Norðurlandabúar, Bandaríkjamenn og ferðamenn frá löndum sem flokkast undir annað dreifðust talsvert jafnar yfir árið. Bretar skera sig hins vegar úr, en helmingur þeirra kom yfir vetrarmánuðina.




**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Jónatan Atli Sveinsson, s. 512 5446, jonatan@365.is



RB rúm sérsmíða rúmbotna og dýnur eftir óskum viðskiptavina. Allar dýnur eru með tvöföldu fjaðrakerfi. Þá fást rúmföt og handklæði einnig í RB rúmum.



Einnig sérsmíða RB rúm höfðagafla og náttborð.



RB rúm eru til húsa að Dalshrauni 8, Hafnarfirði. Nánari upplýsingar er að finna á www.rbrum.is.

# Allt sem þarf nema gestina sjálfa

**RB rúm** hafa framleitt dýnur og rúm í sjötíu ár. Fyrirtækið þjónustar hótel og gististaði um allt land og sérsmíðar frá grunni eftir óskum viðskiptavina. Birna Katrín Ragnarsdóttir framkvæmdastjóri ábyrgist gæði og endingu dýna og rúma frá RB rúmum.

Við búum allt til eftir óskum hvers viðskiptavinar. Hér er allt smíðað frá grunni, bæði rúmbotnarnir og dýnurnar en allar okkar dýnur eru með tvöföldu fjaðrakerfi. Við saumum einnig dýnuhlífar og lök og seljum sængurfatnað og handklæði. Mörg hótel taka einnig höfðagafla og náttborð og við smíðum það, í samvinnu við arkitekta sem starfa fyrir hótelin eða í samstarfi við rekstraraðila viðkomandi gististaðar. RB rúm bjóða í raun allt sem þarf nema gestina sjálfa," segir Birna Katrín Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri RB rúma.

## Ferðaþjónustan blómstrar

RB rúm að Dalshrauni 8 í Hafnarfirði hafa starfað í sjötíu ár og séð hótelum og gististöðum um allt land fyrir rúmum og sængurfatnaði í tæp fjörutíu ár. Frá árinu 2008 segir Birna mikla aukningu hafa orðið sem ekkert lát sé á og fyrirtækið sé þegar með pantanir fyrir mörg hótel fram á næsta ár.

## Viðhaldsþjónusta

RB rúm eru eitt fárra fyrirtækja sem veita áframhaldandi þjónustu með rúm sín og dýnur. Birna segir mikið um innflutt rúm á markaðnum en framleiðsla RB rúma sé meira en samkeppnishæf.

„Eftir áralanga notkun er hægt að koma með dýnurnar til okkar og við endurvinnum þær fyrir sama aðila aftur," útskýrir Birna. „Þetta erum við að gera þegar rólegt er að gera á hótelunum eða frá nóvember til febrúar. Það margborgar sig að koma með dýnur í viðgerð og ef vel er hugsað um dýnurnar og dýnuhlífar notaðar endast þær árum saman. Ef eitthvert slys verður eða eitthvað skemmist erum við til staðar til að gera við. Það er mikið flutt inn af rúmum og þá leitað til okkar þegar þau bila, en oft eru það rúm sem ekkert er hægt að eiga við," segir Birna.

> Það segir sína sögu að RB rúm hafa verið valin „Framúrskarandi fyrirtæki" af Creditinfo fjögur ár í röð.

„Við ábyrgjumst gæði okkar framleiðslu og eigum marga fasta viðskiptavini um allt land. Það segir sína sögu að RB rúm hafa verið valin „Framúrskarandi fyrirtæki" af Creditinfo fjögur ár í röð," segir Birna.



MYND/DANÍEL

Birna Katrín Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri RB rúma.



## STJÓRNENDANÁM FYRIR AÐILA Í FERÐAÞJÓNUSTU

**Samtök ferðaþjónustunnar,** í samstarfi við Opna háskólann í HR, bjóða upp á hagnýtt stjórnendanám fyrir aðila í ferðaþjónustu.

Námið byggir á greiningu sem gerð var á fræðsluþörf stjórnenda innan ferðaþjónustunnar en hún var unnin af sérfræðingum Háskólans í Reykjavík, SAF og stjórnendum innan greinarinnar. Um er að ræða nám sem kennt er í lotum frá 8. september til 8. desember en félagsmenn í SAF njóta sérstakra afsláttarkjara.

Námið skiptist upp í sjö lotur; áætlanagerð, netmarkaðssetning, sala og þjónusta, mannauðsmál og árstíðasveiflur, sjálfbærni og ábyrg ferðaþjónusta, verkefna- og viðburðastjórnun og stefnumótun.

Nánari upplýsingar um loturnar má finna á vef Opna háskólans í HR **www.hr.is/opnihaskolinn/ferdathjonusta.**



## FERÐASÝNINGAR OG VINNUSTOFUR

Íslandsstofa skipuleggur viðburði erlendis og þátttöku á ýmsum erlendum ferðasýningum og landkynningum.

Má þar nefna sýningar á borð við World Travel Market og Scandinavia Show í Lundúnum, Top Resa í París, JATA í Tókýó, MITT í Moskvu, Fitur í Madríd, TUR-sýninguna í Gautaborg, ITB-sýninguna í Berlín og fleiri áhugaverðar og gagnlegar sýningar.

Þá heldur Íslandsstofa vinnustofur og kynningarfundi erlendis fyrir söluaðila Íslandsferða.

Lista yfir ferðasýningar og vinnustofur sem Íslandsstofa stefnir að þátttöku í frá hausti 2014 til vors 2015 er hægt að skoða á islandsstofa.is.

*Heimild: islandsstofa.is*

## NÝTT GÆÐAKERFI Í FLOKKUN GISTISTAÐA

**VAKINN er** nýtt gæðakerfi Ferðamálastofu sem tekið var í notkun á þessu ári. Með því eru meðal annars gististaðir flokkaðir með stjörnugjöf.

**Allir gististaðir** á Íslandi með tilskilin leyfi geta óskað eftir að vera flokkaðir. Panta þarf úttekt og að henni lokinni hefur staðurinn tvo mánuði til að gera úrbætur ef þarf. Mikilvægt er að kynna sér hvað stendur að baki hverjum flokki og koma upp þeirri aðstöðu og þjónustu og spara þannig seinni heimsókn úttektaraðila.

**Flokkunin er** ekki lögboðin en henni fylgja margir kostir. Ferðamenn styðjast gjarnan við stjörnugjöf þegar þeir velja gistingu á áfangastað.

www.ferdamalastofa.is




# Fataskápatilboð

## 35% afsláttur





**... og allt að 40% afsláttur af völdum efnum og stærðum**

Þú finnur einnig hjá okkur drauma eldhúsinnréttinguna ásamt þvottahús- og baðinnréttingum.



**framúrskarandi gæði og góð verð**
-þarf að segja meira?

INNX Innréttingar

Fosshálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 577 1170
Fax 577 1172 • www.innx.is • innx@innx.is

# BESTA FORVÖRNIN ER GÓÐ BAKTERÍUFLÓRA Í MELTINGARVEGI

**RARITET KYNNIR** *Heilbrigð bakteríuflóra í meltingarvegi gegnir mikilvægu hlutverki í góðri heilsu. Dagleg inntaka vinveittra gerla styrkir ónæmiskerfið og hjálpar líkamanum að losna við hvimleið einkenni meltingaróþæginda.*

Meltingin er nánast fullkomin eftir að ég fór að nota OptiBac Probiotics-gerlana og ég get ekki hugsað mér að vera án þeirra," segir jógakennarinn Marta Eiríksdóttir sem starfar í Lifandi markaði.

„Ég er með viðkvæma meltingu og hef þjáðst af meltingaróþægindum í langan tíma. Því fylgir tilheyrandi vanlíðan, þreyta og orkuleysi en eftir að ég byrjaði að nota OptiBac Probiotics-gerlana hef ég ekki fundið fyrir þessum hvimleiðu einkennum."

Streita, lélegt eða einhæft mataræði og sýklalyfjanotkun hafa neikvæð áhrif á þarmaflóruna, ásamt mikið unninni matvöru sem skortir nauðsynlega gerla sem bæta þarmaflóruna. Því er ráðlagt að taka inn vel rannsakaða meltingargerla á degi hverjum.

Í þörmum fyrirfinnast bæði góðar og vondar bakteríur. Talið er mikilvægt að hlutfall góðra baktería sé yfir 70 prósent. Margir kannast við óþægindi í meltingarvegi vegna slæmra baktería, eins og lofti í maga, magakrampa, niðurgangi og hægðatregðu, og ef slæmt ástand í þarmaflórunni varir lengi er það talið geta leitt af sér ýmsa kvilla: ofnæmi, ópol, minni vörn gegn umgangspestum og sýkingum, bólgusjúkdóma og veikingu á ónæmiskerfinu sem leitt getur af sér alvarlega sjúkdóma.

Auk þess að nota For a Flat Stomach frá OptiBac Probiotics á hverjum degi notar Marta einnig For Every Day Extra (sterkan) sem hefur einstaklega góða virkni og inniheldur fimm ítarlega rannsakaðar bakteríutegundir. Þar má nefna L. Acidopilus NCFM® sem hefur fengið lofsamlega umfjöllun í yfir 75 viðurkenndum vísindaritum.



**VELLÍÐAN** Marta Eiríksdóttir jógakennari hefur góða reynslu af OptiBac Probiotics-gerlunum sem komu meltingu hennar í fullkomið lag. MYND/DANÍEL

### HVAR FÆST OPTIBAC PROBIOTICS?

Lifandi markaður
Lyf og heilsa
Apótekarinn
Lyfsalinn
Lyfjaver
Heilsuver
Lyfjaval
Reykjavíkurapótek
Apótek Vesturlands
Apótek Suðurnesja
Árbæjarapótek
Apótek Garðabæjar
Apótek Hafnarfjarðar
Urðarapótek
Rima Apótek
Akureyrarapótek
Garðs Apótek
Apótek Ólafsvíkur
Heilsutorgið í Blómaval

***Athugið að úrval getur verið mismunandi eftir útsölustöðum.***

**FOR DAILY WELLBEING – FYRIR DAGLEGA HEILSU**

- Hollari en sykraðir mjólkurdrykkir með gerlum.
- 5 milljarðar lifandi vinveittra gerla í hverjum dagskammti.
- Sex mismunandi vinveittar Probiotic-bakteríur. Heildarlausn fyrir alla hluta meltingarkerfisins.
- Inniheldur auk þess Prebiotic sem tryggir gott jafnvægi á góðum vinveittum bakteríum í meltingarvegi.

**Sérstaklega mælt með fyrir alla sem vilja fá L. Acidophilus eða vöru sem inniheldur alhliða Probiotic-gerla. Gott fyrir þá sem eru með lélega meltingu, bólur eða exem.**




**EXTRA STERKUR FYRIR DAGLEGA HEILSU (PROBIOTIC)**

- Extra sterk Probiotic-formúla með 20 milljörðum af lifandi bakteríum í dagskammti.
- Inniheldur fimm ítarlega rannsakaðar bakteríutegundir, m.a. L. Acidopilus NCFM® – með yfir 75 greinum birtum í viðurkenndum vísindaritum.
- Vinnur á IBS (Irritable bowel syndrome) – 20 prósent fólks þjást af IBS.
- Virkni hefur verið sönnuð í fjölmörgum rannsóknum, eins og við IBS, ofnæmi og fyrir þá sem eru á sýklalyfjum. Er ónæmisbætandi fyrir eldra fólk.

**Mælt með fyrir alla sem lifa hröðu og streituvaldandi lífi, þá sem nota sýklalyf oft eða að staðaldri og fólk með meltingarvandamál, svo sem: IBD (Ulcerative colitis, Diverticulitis, Crohn's disease), Candida-ofvöxt eða IBS.**




# FARA BAKTERÍUR MEÐ ÞÉR Í FRÍIÐ?

**RARITET KYNNIR** *Taktu verndandi bakteríur fyrir meltinguna með í fríið og njóttu þess að borða allt sem þig lystir. Bakteríuflóran „For travelling abroad" frá OptiBac Probiotic verndar bakteríuflóru líkamans og styrkir ónæmiskerfið.*

Hætta á meltingarvandamálum eykst þegar ferðast er til útlanda; ekki síst matareitrun. Magakveisur og kvef eru algengasta ástæða veikinda í fríum því þá snæða ferðalangar öðruvísi mat og framandi fæði sem þeir þola verr í maga. Á sama tíma eykst hætta á bakteríusýkingum úr umhverfinu vegna allra hinna ferðamannanna.

Margar af frægustu konum heims mættu á tískusýningu Christian Dior á hátískuvikunni í París sem nú stendur yfir. Þær voru að sjálfsögðu allar í fallegum flíkum frá tískurisanum sjálfum.



**HEITASTA PARIÐ Í BÆNUM** Stjörnuparið Sean Penn og Charlize Theron lét sig ekki vanta.

NORDICPHOTOS/GETTY



**ALLTAF SMART** Leikkonan Jennifer Lawrence var smekklega klædd að vanda.



**MEÐ PUTTANN Á PÚLSINUM** Leikkonan Emma Watson er orðin mikið tískutákn.



**MADEMOISELLE** Franska leikkonan Marion Cotillard ljómaði á tískusýningunni.



**SVART-HVÍTA HETJAN MÍN** Tískuspekúlantinn Olivia Palermo var í skemmtilegu svörtu og hvítu dressi.




# Kubbkeppni í anda HM

Efnt verður til kubbkeppni á Vitatorgi í dag. Keppt verður á tveimur völlum í útsláttarkeppni í anda HM.

Kubbkeppni fer fram á Vitatorgi í dag. Einn skipuleggjenda keppninnar er grafíski hönnuðurinn Krista Hall, en hún ásamt vinkonu sinni og vöruhönnuðinum Guðrúnu Harðardóttir er með Vitatorg í fóstri í sumar. „Þetta er fyrsti viðburðurinn,“ segir Krista en Vitatorg er hluti af verkefninu Torg í biðstöðu á vegum Reykjavíkurborgar þar sem nokkur svæði í miðborginni verða gædd lífi í júlí og ágúst. Krista og Guðrún segja að kubbkeppnin sé aðeins fyrsti viðburðurinn af mörgum.

„Þetta verður megaskemmtileg keppni. Það verður keppt á tveimur kubbvöllum í útsláttarkeppni í anda HM,“ útskýrir hún. „Svo verða vegleg verðlaun í boði fyrir sigurliðið,“ segir Krista og hlær.

„Kubbur er náttúrulega mjög vaxandi sport hér á landi. Við vinirnir erum gríðarlega miklir kubbáhugamenn og tökum reglulega kubbmót á Klambratúni. Nú viljum við færa út kvíarnar.“

Í hverju liði eru tveir til fjórir. Lið skrái sig til leiks á vitatorg2014@gmail.com fyrir kl. 15.00 á keppnisdag. Þátttökugjald er ekkert. -ósk



**KUBBÁHUGAMANNESKJA** Krista Hall er einn skipuleggjenda keppninnar, en hún er mikil áhugamanneskja um kubb.

MYND/ÚR EINKASAFNI

# Skrýtin andlit í nýrri Sveppamynd

Kvikmyndin Algjör Sveppi og Gói bjargar málunum fer í tökur 21. júlí næstkomandi.

„Aðstæður til kvikmyndagerðar voru ekki endilega jákvæðar en við ætluðum að gera myndina í fyrra. Það gekk ekki upp. Svo fengum við smá styrk og ætlum að æða í þetta,“ segir Sverrir Þór Sverrisson, betur þekktur sem Sveppi. Í vikunni var skrifað undir samning um fjórðu Sveppamyndina, Algjör Sveppi og Gói bjargar málunum, en myndin verður sýnd hjá Sambíóunum í nóvember. Hætt var við framleiðslu myndarinnar í fyrra því hún fékk ekki styrk frá Kvikmyndasjóði Íslands en í ár var annað uppi á teningnum.

„Við byrjum í tökum 21. júlí og verðum að því fram í miðjan ágúst. Það sem drífur okkur áfram er leikgleðin. Myndin verður í sama stíl og fyrri myndirnar og viljum við fyrst og fremst gera það að fara í bíó að skemmtilegri upplifun fyrir krakka eins og ég man eftir sjálfur þegar ég var lítill,“ bætir Sveppi við. Hann er dulur um söguþráðinn en getur aðeins gefið upp um nýju myndina.

„Vonda kallinum sem var í fyrstu myndinni, Algjör Sveppi og leitin að Villa, bregður fyrir. Við Villi njósnum aðeins um hann og þá kemur ýmislegt slæmt í ljós,“ segir Sveppi. Hann skrifar handrit myndarinnar ásamt leikstjóranum Braga Þór Hinrikssyni. Nú leita þeir að skemmtilegum aukaleikurum í myndinni.

„Við viljum ráða einhverja inn fyrir fullorðna fólkið og vera með einhver skrýtin andlit sem maður þekkir úr einhverju öðru en bíómyndum. Það er lykilatriði að skemmta fullorðnum, þá fylgja börnin með.“ -lkg



**SKRIFA UNDIR MEÐ BROS Á VÖR** Bragi Þór, Alfreð Ásberg hjá Sambíóunum og Sveppi. MYND/ÚR EINKASAFNI



**EMMA WATSON** AFP/NORDICPHOTOS

## Emma Watson til UN Women

UN Women, samtök sem fara með umboð Sameinuðu þjóðanna til að vinna að jafnrétti kynjanna og stuðla að því að stefnumótun í prófunarstarfi taki mið af jafnréttissjónarmiðum og réttindum kvenna í samræmi við alþjóðleg markmið, útnefndu nýjan velgjörðarsendiherra samtakanna, Emmu Watson.

Watson er hvað best þekkt fyrir hlutverk sitt sem Hermione Granger í Harry Potter-kvikmyndunum. Hún er virt leikkona og nýlega útskrifuð úr Brown-háskólanum í Bandaríkjunum, en er einnig þekkt fyrir störf sín í þágu hinna ýmsu góðgerðarsamtaka. -ósk



**SOLANGE KNOWLES** AFP/NORDIC PHOTOS

## Solange ræðir lyftuatvikið

Tveimur mánuðum eftir lyftuatvikið mikla er Solange loksins tilbúin að ræða slagsmálin við Jay Z, en ekki í neinum smáatriðum.

Söngkonan var í viðtali við tímaritið Lucky fyrir ágústhefti blaðsins. Í viðtalinu vísar hún í slagsmálin sem „atvikið“.

„Það sem er mikilvægt er að ég og fjölskylda mín erum í góðu sambandi,“ segir hún. „Það sem við höfum að segja um atvikið var allt sagt í yfirlýsingunni sem við gáfum út og við höfum öll fundið frið.“

Þann 5. maí síðastliðinn réðst Solange Knowles, litla systir söngkonunnar Beyoncé, á rapparann Jay Z sem er jafnframt eiginmaður Beyoncé, í lyftu á Standard-hótelinu í New York. -ósk


Gott. Betra. Bosch.

**Hjá Bosch er hvert smáatriði gaumgæft.** Þess vegna prófar Bosch allar vörur sínar vel og vandlega. Og svo prófa þeir þær aftur. Síðan prófa aðrir þær, til dæmis Råd & Rön og hliðstæðar prófunarstofnanir í löndum víða í Evrópu.

Árangurinn? Sigursælt vörumerki!

**Gæðin endurspeglast af hverju smáatriði.**

**Uppþvottavél** SMU 53M72SK

**Þvottavél** WAY 32890SN

**Spanhelluborð** PIE 645F17E

Hæsta einkunn fyrir hraða og viðurkenning fyrir gæði og góða frammistöðu hjá sænska prófunar- og rannsóknarsetrinu Testfakta, september 2013.

**Ryksuga** BSGL 52237

**Kæli- og frystiskápur** KGN 36AW32

**Hrærivél** MUM 52120

**Hraðsuðukanna** TWK 8611

**Ryksuga** BGL 35MOV11

BOSCH BÚÐIN

Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090

# Fyrirmyndargleymska

**BAKÞANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur



**Æ HVAÐ** ég er fegin að sjá þetta, við þurfum að vera góð fyrirmynd,“ sagði vegfarandi við mig þegar við mæðgurnar reiddum hjólin okkar yfir gangbraut. Ég fór hjá mér við þetta hrós. Ég var nefnilega hjálmlaus á ferð þennan dag, eins og svo oft áður. Ég hefði líklega ekki einu sinni reitt hjólið yfir götuna, nema af því að dóttir mín var með mér. Það var ekki svo langt síðan skólafélagi hennar sá til mín bruna þvert yfir götu á hjólinu og kallaði hneykslaður á eftir mér: Hva, áttu ekki að reiða hjólið? Ég man ekki hvaða afsökun ég kallaði á móti. Eða jú, ég man það alveg. „Ó, ég gleymdi því!“

**ELDRI** manni í umferðinni varð eitt sinn svo um þegar ég hjólaði hjálmlaus á gangstéttinni við hlið hans, að hann skrúfaði niður bílrúðuna og jós yfir mig skömmum. Hvurslags þetta væri eiginlega?! Ég reyndi ekki að bera fyrir mig gleymsku í það skiptið. Steig bara pedalana hraðar og lét mig hverfa inn á milli runna með hjartað í buxunum.

**GLEYMSKA** er heldur ekki ástæðan, nógu oft staglast ég á hjálmnotkun þegar börnin eiga í hlut. Oft á dag! Enda rata þeir undantekningalaust á hausinn á þeim, sem betur fer. Sjálf hef ég enga afsökun. Það er ekki eins og ég viti ekki hvað gerist ef óvarinn haus skellur í malbikið. Samt sest ég hjálmlaus á hnakkinn aftur og aftur, og hjóla í vinnuna, niður í bæ, út í búð og það svo börnin sjái til. Eins og ég telji mig ósnertanlega þegar ég þeytist um bæinn með blóm á körfunni. Þetta er svo stutt, hugsa ég. Ég fer svo varlega, hugsa ég. Ég fer svo hægt, hugsa ég.

**BÍLARNIR** keyra ekkert á mig!“ sagði sá fimm ára við mig galvaskur þegar ég brýndi fyrir honum að líta til beggja hliða áður en við gengjum yfir götuna. „Hvernig dettur þér þetta í hug, barn?“ gall í mér, áður en ég vissi upp á mig sökina.



**Í GÓÐU FORMI** Neil Young rokkaði á sviðinu og var í fantaformi. Að sögn gagnrýnanda hefðu fleiri lög mátt hljóma en hápunkturinn var þegar Young tók Rockin'in the Free World. NORDICPHOTOS/ GETTY

# Gamlar kempur í góðu formi

★★★★☆

**Neil Young & Crazy Horse**
Tónleikar
LAUGARDALSHÖLL 7. JÚLÍ

Tónleikar Neils Young og hljómsveitar hans Crazy Horse í Laugardalshöllinni voru þeir fyrstu á tónleikaferð þeirra um Evrópu og sömuleiðis þeir fyrstu hér á landi. Mörkuðu þeir upphaf tónlistarhátíðarinnar All Tomorrows Parties sem lýkur á laugardagskvöld í Ásbrú. Tónleikarnir voru einnig þeir fyrstu án stofnmeðlims Crazy Horse, bassaleikarans Billy Talbot, sem veiktist í síðasta mánuði.

Hinn 68 ára Young vakti fyrst athygli á sjöunda áratugnum með hljómsveitinni Buffalo Springfield og síðar með Crosby, Stills, Nash & Young. Fyrsta sólóplatan kom út 1968 en sú nýjasta í apríl síðastliðnum, tekin upp í hljóðveri rokkarans Jacks White.

Eftirvæntingin hjá Hallargestum var að sjálfsögðu mikil að berja kanadísku goðsögnina augum og skemmtileg tilbreyting var að sjá að fyrir framan sviðið höfðu, í stað unglinga, safnast saman rokkáhugamenn af eldri kynslóðinni ákveðnir í að sjá meistarann loksins í návígi. Til að stytta biðina hitaði Mugison upp einn með kassagítarinn og spilaði þar tvö ný lög sem lofuðu góðu.

Upphafslag Neil Young & Crazy Horse var Love and Only Love af plötunni Ragged Glory og hafði maður það á tilfinningunni að Young og félagar væru að djamma sig í gang, enda lagið um tíu mínútna langt. Raunin varð sú að flest lögin á tónleikunum voru af plötum sem Young hefur tekið upp með Crazy Horse (eðlilega), þar af þrjú af Ragged Glory. Biðin eftir því að heyra lag sem aðrir en bara hörðustu aðdáendurnir könnuðust við tók langan tíma, eða tæpa klukkustund. Þá mætti Young einn á sviðið með kassagítar og munnhörpu, spilaði hið fallega Only Love Can Break Your Heart, Dylan-lagið Blowin'in the Wind og eitt sitt frægasta lag, Heart of Gold, af snilldarverkinu Harvest.

Því næst mætti Crazy Horse aftur á sviðið og spilaði fjögur lög. Þar á meðal frumfluttu þeir félagar Who's Gonna Stand Up and Save the Earth, sem umhverfisverndarsinninn Young klæddur EARTH-stuttermabol söng af mikilli innlifun. Skömmu áður hafði hann lofað því að koma aftur til Íslands og gefa tónleikagestum sams konar bol, við mikinn fögnuð viðstaddra.

Lokalagið fyrir uppklapp var Rockin' in the Free World, eitt besta lag Youngs. Sannarlega hápunktur tónleikanna og magnað var að heyra lagið nánast fjara út en byrja svo aftur undir styrkri stjórn hljómsveitarstjórans Young, sem var í fínu formi á tónleikunum.

Eftir uppklapp var röðin komin að öðru gömlu og góðu, Like a Hurricane. Það voru samt ákveðin vonbrigði að heyra ekki fleiri lög eftir uppklappið en eftir tæplega tveggja tíma spilamennsku hjá þessum gömlu kempum var kannski ekki hægt að ætlast til meira af þeim. **Freyr Bjarnason**

**NIÐURSTAÐA** Flottir tónleikar með Neil Young í góðu formi en fleiri fræg lög hefðu mátt hljóma.












# Leitar að rauðhærðum, spænskum tvífara

**Tónlistarmaðurinn Davíð Berndsen heldur tónleika í Barcelona og nýtir ferðina til að taka upp myndband.**

„Það er verið að leita rauðhærðum Spánverjum með alskegg, sem líkjast mér, það er allavega búið að finna fimm Spánverja sem henta í myndbandið,“ segir tónlistarmaðurinn Davíð Berndsen, en hann mun taka upp nýtt tónlistarmyndband í Barcelona síðar í mánuðinum. Myndbandið er við lagið Two Lovers Team og er því leikstýrt af hinum spænska Pablo Larcuen. „Hann er þekktur á Spáni en við kynntumst á kvikmyndahátíð í Los Angeles, þá vann hann til verðlauna á hátíðinni fyrir stuttmynd sem hann var að gera,“ segir Berndsen. Honum var boðið á áðurnefnda kvikmyndahátíð eftir að tónlistarmyndbandið við lagið Supertime kom út.

Nýja myndbandið er ádeilumyndband á tónlistarheiminn. „Myndbandið fjallar um að það verði hægt að halda marga tónleika á sama tíma og því gott að hafa okkur frekar líka,“ segir Berndsen og hlær.

Þá kemur hann einnig fram á tónleikum í Barcelona á sama tíma. „Við erum að fara að spila á rosalega flottum stað sem heitir Razmatazz, það eru meira að segja plötusnúðar inni á klósettunum,“ bætir Berndsen við.

Hann hefur búið í Berlín undanfarna mánuði en er á leið heim í nám. „Ég er að fara í leiðsögunám í Háskóla Íslands eftir að hafa verið í skóla lífsins síðastliðin níu ár. Þjóðverjarnir vita svo mikið um Ísland að ég var farinn að skammast mín og ákvað að kýla á leiðsögunámið til að fræðast aðeins um land og þjóð,“ segir Berndsen léttur í lundu, og bætir við; „Maður vill geta bent barninu sínu á einhver kennimerki á Íslandi þegar maður er á leið um landið.“ - glp

> **Myndbandið fjallar um að það verði hægt að halda marga tónleika á sama tíma og því gott að hafa okkur frekar líka.**



**TVÍFARAR** Hér sést einn af þeim Spánverjum sem hafa verið valdir til þess að leika í myndbandinu með Davíð Berndsen. MYND/ÚR EINKASAFNI



**GLITTIR Í NAFNIÐ** Hér sést Melanie með flúrið. NORDICPHOTOS/GETTY

## Burt með flúrið

Leikkonan Melanie Griffith og leikarinn Antonio Banderas skildu fyrr á þessu ári. Nú er Melanie komin vel á veg með að fjarlægja húðflúr með nafni hans sem prýddi upphandlegg hennar.

Á mánudag sást hún með umbúðir um handlegginn þar sem húðflúrið var en nokkur skipti tekur að fjarlægja húðflúr.

Melanie og Antonio giftu sig í maí árið 1996 og eiga saman dótturina Stellu, sautján ára.

Parið sendi frá sér fréttatilkynningu í júní og staðfesti orðróm um að þau væru að skilja. Viku eftir það sást Melanie á viðburði með húðflúrið. -lkg



**ÁSTFANGIN** Kelly fann ástina í örmum Rickis Hall. NORDICPHOTOS/GETTY

## Komin með nýjan kærasta

Stjörnubarnið Kelly Osbourne deildi mynd af sér á Instagram í gær þar sem hún sést í sleik við nýja kærastann sinn, bresku karlfyrirsætuna Ricki Hall.

Mikið hefur verið rætt um hjúskaparstöðu Kelly undanfarið og vildi tímaritið Us Weekly til að mynda meina að hún væri byrjuð með stjúpsyni tónlistarmannsins Puff Daddy, Quincy Combs, fyrir stuttu. Þá benti blaðið á að hún og fyrrnefndur Ricki væru einnig mjög náin.

Sex mánuðir eru síðan Kelly sleit trúlofun sinni við Matthew Mosshart. -lkg




## HM Í FÓTBOLTA



**20.00 HOLLAND–ARGENTÍNA** Seinni undanúrslitaleikurinn á HM 2014 í fótbolta fer fram í kvöld þegar Argentína og Holland eigast við í Sao Paulo. Þessi sömu lið mættust í úrslitaleiknum í Argentínu árið 1978 þar sem heimamenn höfðu sigur. Augu heimsins verða á **Lionel Messi** sem hefur spilað vel á mótinu. Getur hann farið með argentínska liðið alla leið í úrslit og átt möguleika á að vinna HM líkt og Maradona?

Vísir Allt um HM á Vísi

## Klose bætti metið er Þjóðverjar niðurlægðu Brasilíumenn á HM

**FÓTBOLTI** Þýskaland tryggði sér sæti í úrslitaleiknum á HM í Brasilíu með stórsigri á heimamönnum, 7-1. Þjóðverjar gerðu út um leikinn með fjórum mörkum á sex mínútna kafla í fyrri hálfleik. Miroslav Klose skoraði sitt sextánda HM-mark, sem er met. Toni Kroos (2), Andre Schürrle (2), Thomas Müller og Sami Khedira skoruðu hin mörk Þýskalands en Oscar fyrir Brasilíu í blálokin. - esá

**visir.is** Meira um heimsmeistaramótið í Brasilíu.



**SEXTÁN MÖRK** Nafn Miroslavs Klose er komið í sögubækur knattspyrnunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP






# Helena í heimsklassa

KKÍ er að spýta í lófana með kvennalandsliðið í körfuknattleik og stefnan er að koma liðinu á EM næsta sumar. Í fyrsta skipti í langan tíma er horft til framtíðar.

**KÖRFUBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið spilar sinn fyrsta heimaleik í fimm ár í kvöld er stelpurnar spila vináttulandsleik gegn Dönum að Ásvöllum klukkan 19.15. Liðin mætast svo í Stykkishólmi á morgun en leikirnir eru liður í undirbúningi fyrir Evrópukeppni smáþjóða sem fram fer í Austurríki um miðjan mánuðinn.

„Það er frábært framtak hjá KKÍ að vera með þessa heimaleiki. Ein af ástæðunum fyrir því að ég tók þetta starf að mér er sú að KKÍ er að fara að leggja meira í kvennalandsliðið og styðja við bakið á stelpunum,“ segir Ívar Ásgrímsson landsliðsþjálfari en þetta verða hans fyrstu verkefni með liðið síðan hann tók við starfinu af Sverri Sverrissyni.

„Stefnan er sú að ná árangri og komast í Evrópukeppni. Það er nóg af verkefnum fram undan. Við stefnum að því að fá leiki um jólin og svo eru það smáþjóðaleikarnir. Ef við vinnum Evrópukeppni smáþjóða þá bíður okkar sjálf Evrópukeppnin næsta sumar. Þangað ætlum við að komast.“

### Ætla að komast á EM

Rekstur KKÍ hefur lengi verið erfiður og árið 2009 var landsliðið lagt niður í þrjú ár. Nú eru breyttir tímar og á að spýta hraustlega í lófana. Hvað sér þjálfarinn samt fyrir sér að liðið geti náð langt á næstu árum?

„Ég er nýtekinn við og svo þurfum við að sjá hvernig gengur í sumar. Við erum samt með nokkuð ungt lið í bland við leikreyndar stelpur. Eins og ég segi ætlum við okkur í Evrópukeppni A-liða næsta sumar og að vinna þetta mót sem við erum á leið í núna,“ segir Ívar ákveðinn. En er innistæða fyrir því að komast með þetta lið á EM A-þjóða?

„Ég er á því. Í dag erum við sterkari í kringum teiginn en oft áður. Við erum með stærri stelpur. Hildur Björg úr Hólminum er á leið til Bandaríkjanna og ég býst við miklu af henni í framtíðinni enda hefur hún verið að taka gríðarlegum framförum. Svo erum við líka með Bryndísi Guðmunds, Rögnu Margréti og Marín Laufeyju. Þetta eru mjög sterkar stelpur í teignum,“ segir þjálfarinn og bætir við að það muni síðan mikið um að eiga frábæran leikmann eins og Helenu Sverrisdóttur.

„Helena er á heimsmælikvarða og það mun auðvitað mikið mæða á henni. Þetta er svo sannarlega eitthvað til þess að byggja á til framtíðar og verður gaman að byggja þetta lið upp.“



**KRAFTUR OG METNAÐUR** Það er verið að blása í herlúðra hjá kvennalandsliðinu og liðið stefnir hátt. Ívar Ásgrímsson er þjálfari liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Nauðsynlegt að fá leiki

Þar sem það er langt síðan stelpurnar spiluðu síðast býst Ívar ekki við of miklu í leik kvöldsins og fagnar því að fá æfingaleikina. Þeir séu nauðsynlegir í undirbúningi fyrir mótið í Austurríki.

„Það eru um þrír mánuðir síðan stelpurnar spiluðu síðast og því vantar eðlilega upp á leikformið. Við þurfum nauðsynlega að fá þessa leiki gegn Dönum og ég býst við því að í fyrri leiknum verði stelpurnar svolítið stirðar. Ég held að liðið verði strax orðið betra í seinni leiknum í Hólminum,“ segir landsliðsþjálfarinn en hann á von á tveimur hörkuleikjum gegn dönsku liði sem er undir stjórn íslenska þjálfarans Hrannars Hólm.

„Hrannar kemur með mjög sterkt lið til landsins. Leikir þessara þjóða hafa verið mjög jafnir í gegnum tíðina þó svo að Danir hafi verið að vinna okkur á Norðurlandamótinu. Ég mun keyra mikið á liðinu í þessum leikjum og við verðum að hugsa um að hlaupa rétt. Gera það sem við höfum verið að æfa. “

Ívar er ekki að stýra landsliðinu í fyrsta skipti en hann var síðast með liðið árið 2004.

„Þá voru Helena, María Ben og Bryndís að spila sína fyrstu landsleiki en nú eru þær leikreyndustu leikmennirnir.“ henry@frettabladid.is






# Við viljum skýringar

Þýskaland fékk óvænt sæti á HM í Katar á næsta ári.



**EINAR ÞORVARÐARSON**

**HANDBOLTI** „Ég er afskaplega undrandi á þessu,“ sagði Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, við Fréttablaðið í gær þegar ljóst var að Þýskaland hefði komist inn bakdyramegin á HM sem fer fram í Katar í janúar á næsta ári.

Þegar ljóst varð að ekkert lið frá Eyjaálfu tæki þátt ákvað Alþjóðahandknattleikssambandið, IHF, að hleypa inn þjóðinni sem náði besta árangri á síðasta HM en komst ekki á mótið núna. Það var Þýskaland en liðið hafnaði í fimmta sæti HM 2013 á Spáni.

EHF tilnefndi hins vegar þrjár varaþjóðir eftir að undankeppni HM 2015 lauk miðað við árangur liðanna á EM í Danmörku í fyrra. Ísland hafnaði þar í fimmta sæti og var því fyrsta varaþjóð Evrópu.

„Þýskaland var ekki einu sinni á meðal þátttökuþjóða í Danmörku,“ benti Einar á. „Frá því að síðasta heimsmeistarakeppni fór fram hafa álfukeppnir verið spilaðar um allan heim þar sem þátttökuréttur á HM hefur verið í húfi. Það hlýtur að koma í hlut handknattleikssambandsins í Evrópu að úthluta sætum til Evrópuþjóða.“

Málið var enn á frumstigi í gær en Einar sagði ljóst að HSÍ leiti allra leiða til að fá niðurstöðu í þessum málum. -esá


RISABARDAGI Í BEINNI ÚTSENDINGU
Í SMÁRABÍÓI LAUGARDAGINN 19. JÚLÍ KL. 19
GUNNAR
NELSON VS
ZAK
CUMMINGS
UFC
MIÐASALA ER
HAFIN Á eMIÐI.IS
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA,
SÍÐAST KOMUST FÆRRI AÐ EN VILDU
SUBWAY
betsson
eMiði
SMÁRABÍÓ
SAMSUNG
pepsi MAX
SPORT
X

# DAGSKRÁ

**Stöð 2 kl. 20.00**
**How I Met Your Mother**
Níunda og jafnframt síðasta þáttaröðin um vinina Lily, Robin, Ted, Marshall og Barney og söguna góðu af því hvernig Ted kynntist barnsmóður sinni.



## Í KVÖLD



**HM í fótbolta**
**SJÓNVARPIÐ KL. 19.50** Bein útsending frá leik Hollands og Argentínu í undanúrslitum á HM í fótbolta sem fram fer í Brasilíu.



**Breaking Bad**
**STÖÐ 2 GULL KL. 20.55** Þriðja þáttaröðin um efnafræðikennarann og fjölskyldumanninn Walter White sem kemst að því að hann á aðeins tvö ár eftir ólifuð.



**America's Next Top Model**
**SKJÁR EINN KL. 20.30** Bandarísk raunveruleikaþáttaröð þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Þetta er í fyrsta sinn sem fleiri en 14 þátttakendur fá að spreyta sig í keppninni, enda taka piltar líka þátt í þetta sinn.

**FM 957 kl. 10.00**
**Rikki G.**
Ríkarður Óskar Guðnason, sem er betur þekktur sem Rikki G., spilar hressandi tóna fyrir hlustendur FM 957 á milli klukkan 10.00 og 13.00.








## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In the Middle**
**08.30 Wipeout**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.15 Spurningabomban**
**11.05 Touch**
**11.50 Grey's Anatomy**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Cold Feet**
**13.50 Veistu hver ég var?**
**14.30 2 Broke Girls**
**14.55 Xiaolin Showdown**
**15.15 Grallararnir** Kalli kanína og félagar
**15.40 Tommi og Jenni**
**16.05 Frasier**
**16.25 The Big Bang Theory**
**16.45 How I Met Your Mother**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 The Michael J. Fox Show**
**19.35 The Middle** *(8:24)* Þriðja þáttaröðin af þessum stórskemmtilegu þáttum um hið sanna líf millistéttafólksins. Það er aldrei lognmolla hjá Heck-fjölskyldunni þar sem ofurhúsmóðurin Frankie hefur í mörg horn að líta.
**20.00 How I Met Your Mother** *(12:24)* Níunda og jafnframt síðasta þáttaröðin um vinina Lily, Robin, Ted, Marshall og Barney og söguna góðu af því hvenig Ted kynntist barnsmóður sinni.
**20.20 Dallas** *(7:15)*
**21.05 Mistresses** *(5:13)* Bandarísk þáttaröð um fjórar vinkonur og samskipti þeirra við karlmenn. Þættirnir eru byggðir á samnefndri breskri þáttaröð.
**21.50 Believe** *(13:13)* Glænýjir þættir sem fjalla um unga stúlku sem fædd-ist með einstaka hæfileika. Hún er orðin 10 ára og óprúttnir aðilar ásælast krafta hennar.
**22.40 Enlightened**
**23.10 NCIS**
**23.55 Person of Interest**
**00.40 Those Who Kill**
**01.25 The Blacklist**
**02.10 My Week With Marilyn**
**03.50 Abduction**
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT
*besta sætið*

**14.15 Demantamótin**
**16.20 KS deildin**
**16.50 Wimbledon Tennis 2014**
**18.20 Arsenal - Liverpool**
**20.15 Shellmótið**
**20.55 Forrest Griffin The Ultimate Fighter**
**22.05 UFC 170**

## SPORT 2
*enski boltinn*

**07.00 Brasilía - Þýskaland**
**13.30 HM Messan**
**14.30 Brasilía - Þýskaland**
**16.10 Frakkland - Nígería**
**17.55 HM Messan**
**18.55 Þýskaland - Alsír**
**21.10 Brasilía - Þýskaland**
**23.00 HM Messan**
**00.05 Holland - Argentína**
**01.55 HM Messan**

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Perlur Páls Steingrímssonar **21.00** Í návígi **21.30** Á ferð og flugi

## STÖÐ 3

**18.10 Malibu Country**
**18.35 Bob's Burgers**
**19.00 H8R**
**19.45 Romantically Challenged** *(1:6)*
**20.10 Sullivan and Son** *(2:10)* Gamanþættir um ungan lögfræðing sem söðlar um í lífinu og tekur við kráarrekstri föður síns í Pittsburgh.
**20.30 Revolution** *(19:22)*
**21.15 Tomorrow People** *(21:22)* Spennuþættir um hóp ungmenna sem koma alls staðar að úr heiminum og eru næsta kynslóð mannkynsins. Þau eru með sérstaka hæfileika og geta til að mynda að fært hluti á milli staða með hugarorkunni og hafa samskipti sína á milli með hugsunarflutningi.
**22.00 Damages** *(6:10)*
**22.50 Ravenswood** *(5:10)*
**23.35 The 100**
**00.15 Supernatural**
**01.00 H8R**
**01.40 Romantically Challenged**
**02.10 Sullivan and Son**
**02.30 Revolution**
**03.15 Tomorrow People**
**03.55 Damages**
**04.45 Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveins **07.45** Ævintýraferðin **07.55** UKI **08.00** Ofurhundurinn Krypto **08.25** Ljóti andarunginn og ég **08.47** Tommi og Jenni **08.55** Leyndarmál vísindanna **09.00** Lína langsokkur **09.25** Latibær **09.47** Hvellur keppnisbíll **10.00** Dóra könnuður **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Rasmus Klumpur og félagar **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveins **11.45** Ævintýraferðin **11.55** UKI **12.00** Ofurhundurinn Krypto **12.25** Ljóti andarunginn og ég **12.47** Tommi og Jenni **12.54** Leyndarmál vísindanna **13.00** Lína langsokkur **13.24** Latibær **13.48** Hvellur keppnisbíll **14.00** Dóra könnuður **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Rasmus Klumpur og félagar **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveins **15.45** Ævintýraferðin **15.55** UKI **16.00** Ofurhundurinn Krypto **16.25** Ljóti andarunginn og ég **16.47** Tommi og Jenni **16.54** Leyndarmál vísindanna **17.00** Lína langsokkur **17.24** Latibær **17.48** Hvellur keppnisbíll **18.00** Dóra könnuður **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Rasmus Klumpur og félagar **19.00** Ísöld. Heimsálfuhopp **20.30** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**17.55 Strákarnir**
**18.25 Friends**
**18.50 Seinfeld**
**19.15 Modern Family**
**19.35 Two and a Half Men** *(13:16)*
**20.00 Örlagadagurinn** *(9:30)*
**20.35 Heimsókn**
**20.55 Breaking Bad**
**21.45 Chuck** *(2:22)*
**22.30 Cold Case**
**23.15 Without a Trace**
**23.55 Harry's Law**
**00.40 Örlagadagurinn**
**01.15 Heimsókn**
**01.35 Breaking Bad**
**02.20 Chuck**
**03.00 Cold Case**
**03.45 Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓSTÖÐIN

**09.55 The Remains of the Day**
**12.05 Say Anything**
**13.45 I Am Sam**
**15.55 The Remains of the Day**
**18.10 Say Anything**
**19.50 I Am Sam**
**22.00 Bad Ass**
**23.35 Little Miss Sunshine**
**01.15 The Deep Blue Sea**
**02.50 Bad Ass**

## RÚV

**15.25 HM í fótbolta – Brasilía - Þýskaland** *(Undanúrslit)*
**17.20 Disneystundin** *(23:52)*
**17.21 Finnbogi og Felix** *(23:26)*
**17.43 Sígildar teiknimyndir** *(23:30)*
**17.50 Nýi skólinn keisarans** *(2:18)*
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Pricebræður bjóða til veislu** *(1:5) (Spise med Price)* Matgæðingarnir í Price-fjölskyldunni töfra fram kræsingar við öll tækifæri.
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.20 Veðurfréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 HM stofan**
**19.50 HM í fótbolta** *(Holland - Argentína)* Bein útsending frá leik Hollands og Argentínu í undanúrslitum á HM í fótbolta sem fram fer í Brasilíu.
**21.50 HM stofan**
**22.15 Tíufréttir**
**22.30 Veðurfréttir**
**22.35 Friðrik Þór um Rokk í Reykjavík**
**22.40 Rokk í Reykjavík** Einn af merkilegri vitnisburðum íslenskrar tónlistarmenningar í tali og tónum þar sem nokkrar af helstu hljómsveitum pönktímabilsins eru kynntar. Leikstjórn er í höndum Friðriks Þórs Friðrikssonar.
**00.05 Hringurinn**
**01.25 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 Pepsi MAX tónlist**
**16.00 Dogs in the City**
**16.45 Psych**
**17.30 Dr. Phil**
**18.10 Catfish**
**18.55 The Good Wife**
**19.40 America's Funniest Home Videos**
**20.05 Save Me** *(7:13)* Skemmtilegir þættir með Anne Heche í hlutverki verðufræðings sem lendir í slysi og í kjölfar þess telur hún sig vera komin í beint samband við Guð almáttugan.
**20.30 America's Next Top Model** *(4:16)* Bandarísk raunveruleikaþáttaröð þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Þetta er í fyrsta sinn sem fleiri en 14 þátttakendur fá að spreyta sig í keppninni enda taka piltar líka þátt.
**21.15 Emily Owens M.D** *(7:13)* Emily Owens er nýútskrifaður læknir og hefur fengið starf á stórum spítala í Denver. Henni finnst hún loksins vera orðin fullorðin og fagnar því að gagnfræðaskóla árin eru að baki þar sem hún var hálfgerður lúði, en ekki líður á löngu áður en hún uppgötvar að spítalamenningin er ekki svo ólík klíkunum í gaggó.
**22.00 Ironside** *(5:9)*
**22.45 The Tonight Show** Gestir kvöldsins eru ekki af verri endanum en það eru þokkadísin Halle Berry og Chris Colfer úr Glee. Kántrí-popp hljómsveitin Florida Georgia Line tekur lagið.
**23.30 Green Room With Paul Provenza**
**23.55 Leverage**
**00.40 House of Lies**
**01.05 Ironside**
**01.50 The Tonight Show**
**02.35 Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.10** PGA Tour 2014 **13.10** Golfing World 2014 **14.00** PGA Tour Latinoamerica **14.25** Inside The PGA Tour 2014 **14.50** US Open 2014 **18.00** Golfing World 2014 **18.50** Web.com Tour Highligts **19.45** PGA Tour 2014 - Highlight **20.40** Golfing World 2014 **21.30** Web.com Tour Highligts **22.25** Golfing World 2014 **23.20** Golfing World 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin











# Kjörvari á við

Þeir sem til þekkja nota Kjörvara á allt tréverk utanhúss. Reynslan hefur sýnt að Kjörvari er viðarvörn sem er gædd einstökum eiginleikum fyrir íslenskt veðurfar.

Íslensk framleiðsla

## Kjörvari er íslensk framleiðsla fyrir íslenskar aðstæður.

*Útsölustaðir Málningar*: BYKO Kópavogi • BYKO Granda • Litaver Grensásvegi • BAUHAUS Axel Þórarinsson málarameistari, Borgarnesi • Virkið Hellissandi • Málningarbúðin Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO Reyðarfirði • Ormson Vík, Egilsstöðum • Verslunin PAN, Neskaupstað BYKO Selfossi • Miðstöðin Vestmannaeyjum • BYKO Keflavík • N1 verslun, Grindavík

málning
*- það segir sig sjálft -*

**BÍÓMYNDIN**



**The English Patient. Þetta er tímalaus snilld sem snertir sammannlegan streng okkar allra. Ef þú fílar ekki þessa mynd þá átt þú við vandamál að stríða.**

Jóhannes Haukur Jóhannesson leikari.

# Neil Young yfir sig hrifinn af Sollu

Neil Young sem hélt tónleika hér á landi á mánudagskvöld er grænmetisæta. Söngvarinn heimsfrægi var mjög hrifinn af eldamennsku Sollu á Gló.

„Við Eyþór elduðum fyrir hann allan daginn – sáum alveg um hann frá morgni til kvölds," segir Sólveig Eiríksdóttir, betur þekkt sem Solla á Gló, en hún sá um að elda ofan í Neil Young ásamt Eyþóri Rúnarssyni, yfirkokki á Gló, á meðan á dvöl hans stóð á Íslandi. Neil Young er grænmetisæta.

„Hann byrjaði daginn á grænum djús og hollum morgunmat, við gáfum honum meðal annars chiagraut og hörfræolíu sem hann var að fíla," segir Solla og bætir við að hann hafi verið í mat hjá þeim frá föstudegi til þriðjudags. „Við gáfum honum mismunandi grænmetis- og raw-rétti – bara það sem við erum með á matseðlinum hérna á Gló. Hann elskaði þetta allt!" segir Solla, létt í bragði.

„Í morgun kom hann og kvaddi okkur og þakkaði fyrir sig. Aðstoðarmaðurinn hans sagði að það eina sem þeir gætu fundið að væri að nú hefði standardinn farið svo langt upp úr öllu valdi hvað bragð og gæði varðaði að erfitt væri að fylgja þessu eftir," segir hún og hlær. Eyþór sá einnig um að elda kjöt og fisk ofan í hljómsveitina Crazy Horse sem fylgdi söngvaranum og vakti gríðarlega lukku.

„Þeir höfðu ekki búist við þessu á Íslandi af öllum stöðum!" **- ósk**



**SOLLA, EYÞÓR OG NEIL YOUNG** Neil Young er grænmetisæta og umhverfissinni.

MYND/ÚR EINKASAFNI




# STELPA HÝSIR ÞRJÁ RÆNINGJA Á FLÓTTA

Sigurður Anton Friðþjófsson frumsýnir fyrstu kvikmynd sína í fullri lengd, Ísabellu, í október en ásamt því að skrifa handritið leikstýrir hann myndinni.

„Mig langaði til þess að gera kvikmynd í fullri lengd og í staðinn fyrir að bíða eftir að einhver gæfi mér leyfi eða peninga þá ákvað ég að gera það sjálfur," segir ungi leikstjórinn Sigurður Anton Friðþjófsson en hann stefnir að því að frumsýna fyrstu kvikmynd sína Ísabellu í október.

„Myndin er algjörlega sjálfstæð og án styrkja og var tekin upp allt síðastliðið ár," segir Sigurður en hann skrifaði sjálfur handritið, leikstýrir og framleiðir kvikmyndina. „Sagan fjallar um stelpu sem er vídjólistamaður og lendir í því að þurfa að hýsa þrjá ræningja á flótta í einn sólarhring," segir leikstjórinn en hann vann að handritinu í hálft ár áður en tökur hófust á myndinni. Sjálfur er Sigurður Anton aðeins 23 ára gamall og einbeitir sér mest að kvikmyndagerð en hann vill frekar fara óhefðbundnar leiðir í sinni vinnu. „Ég er núna að finna bestu leiðina til þess að frumsýna myndina," segir leikstjórinn.

„Mig langar að fara pínu öðruvísi leið en að henda henni í venjulega dreifingu og svo er salurinn kannski hálftómur á flestum sýningunum," segir Sigurður sem langar frekar að hafa færri sýningar og hafa þær sérstakar.

Með aðalhlutverk í myndinni fer Bergþóra Kristbergsdóttir en allir sem koma að kvikmyndinni vinna kauplaust og eru langflestir á aldur við leikstjórann. Sigurður hefur unnið sleitulaust að myndinni en hann segir hana aldrei geta orðið fullkomna. „Nú hef ég séð hana alltof oft en mér finnst hún enn þá geðveik," segir ungi leikstjórinn. „En maður er einhvern veginn aldrei fullkomlega ánægður með listina, maður þarf bara að sleppa henni frá sér þótt maður gæti gert svona þúsund hluti betur."

baldvin@frettabladid.is

> **Nú hef ég séð hana alltof oft en mér finnst hún enn þá geðveik.**



**FER ÓHEFÐBUNDNAR LEIÐIR** Sigurður Anton er ungur og upprennandi leikstjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**SANNFÆRANDI** Bergþóra Kristbergsdóttir fer með aðalhlutverkið.

# Úr byggingageiranum í bókaskrif

Filippus Gunnar Árnason ákvað að gefa út bækur byggðar á sögum sem faðir hans sagði honum í æsku. Bókarskrifin eru töluvert frábrugðin lífsstarfinu.

„Þetta var eitthvað sem ég vissi ekki að ég byggi yfir," segir Filippus Gunnar Árnason, sem ákvað að láta gamlan draum rætast og gefa út barnabækur. Þær fjalla um hinn fimm ára Kalla kalda sem býr í stóru húsi í Reykjavík og lendir þar í ýmsum ævintýrum. Sögurnar um Kalla kalda hafa fylgt Filippusi frá því í barnæsku.

„Pabbi sagði okkur systur minni sögur af Kalla þegar við vorum lítil. Ég mundi sögurnar ekki vel en karakterinn var alveg fastur í höfðinu á mér. Ég settist niður og skrifaði fyrstu söguna og svo komu bækur númer tvö og þrjú," segir Filippus, sem skráði sig á námskeið í endurmenntunardeild Háskóla Íslands og þá varð ekki aftur snúið. Filippus hefur unnið í byggingageiranum í áratugi, allt annað en börnin hans sem öll lögðu fyrir sig listina; Nína Dögg fór í leiklist og Árni í kvikmyndagerð en tónlistarmaðurinn Sigurjón Brink heitinn var einnig stjúpsonur Filippusar og ólst hann upp á heimilinu.



**MEÐ GLÆPASÖGU Í SKÚFFUNNI** Filippus hefur starfað í byggingageiranum í marga áratugi. Hann segir að hálf glæpasaga hvíli í skrifborðsskúffunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég var aðeins 18 ára þegar Nína fæddist svo það æxlaðist bara þannig að maður fór út á vinnumarkaðinn. Þar hefur maður verið síðan. Það væri auðvitað draumur að skipta úr byggingabransanum og yfir í bækurnar en ég held að maður verði að vera raunsær í þessu. En ég er, líkt og nánast allir sem eru eitthvað að pára, með hálfa glæpasögu ofan í skúffu. Hvort hún verður einhvern tíma að veruleika veit ég ekki." **-ka**

> **Þetta var eitthvað sem ég vissi ekki að ég byggi yfir.**

# Snjallari kynslóð atvinnubíla
# á rekstrarleigu






HEKLA býður nú fyrirtækjum Volkswagen Transporter og Volkswagen Caddy á einstaklega **hagstæðri rekstrarleigu**.

Í rekstrarleigu fá fyrirtæki bifreiðar til umráða í eitt ár* gegn föstu mánaðargjaldi. Greitt er fast mánaðarlegt leigugjald og bifreiðinni einfaldlega skilað í lok leigutímans. Tólf mánaða rekstrarleiga gefur fyrirtækjum einstaklega gott svigrúm til að aðlaga bílaflotann að breyttum aðstæðum með litlu skuldbindingu og lágmarksáhættu.

Nú hefur þú tækifæri á að tryggja þínu fyrirtæki snjallari kynslóð atvinnubíla á rekstrarleigu.



| | | | 12 mán. rekstrarleiga | |
|---|---|---|---|---|
| **Transporter** | **Vél** | **Verð m. vsk** | **án vsk** | **m. vsk** |
| Transporter stuttur | 2,0 TDI | 4.490.000 | 79.602 | 99.900 |
| Transporter langur | 2,0 TDI | 4.650.000 | 83.586 | 104.900 |
| Transporter langur 4Motion | 2,0 TDI | 5.690.000 | 107.490 | 134.900 |
| **Caddy** | | | | |
| Caddy | 1,2 TSI | 3.250.000 | 79.602 | 99.900 |
| Caddy | 1,6 TDI | 3.590.000 | 82.789 | 103.900 |
| **Caddy Maxi** | | | | |
| Caddy Maxi, sjálfskiptur | 1,6 TDI | 3.990.000 | 87.570 | 109.900 |
| Caddy Maxi 4Motion | 2,0 TDI | 4.190.000 | 90.757 | 113.900 |

## Kostir rekstrarleigu:

- Engin fjárbinding
- Engin óvænt útgjöld
- Fastar leigugreiðslur

## Hvað er innifalið í leiguverði?

- Mánaðargjald felur í sér afnot af bílnum
- 20.000 km akstur á ári
- Innifalið í leiguverði eru þjónustuskoðanir og smurþjónusta skv. þjónustubók

**VW SNJALL-BÍLAR**















Nýjasta útfærslan af Caddy og Transporter er sú snjallasta til þessa og betur búin en nokkru sinni fyrr. Með snjallsímanum þínum getur þú til dæmis tíma- og fjarstýrt olíumiðstöðinni og tryggt þér hlýja og notalega byrjun á vinnudeginum. Þetta er bara einn af nýjum eiginleikum í Volkswagen snjallbílunum.

### Aukabúnaður í Snjall-Caddy

- Þráðlaust símkerfi
- Fjarlægðarskynjarar að aftan
- Stigalúga**
- Tveir fjarstýringarlyklar
- Fjarstýrð Webasto olíumiðstöð með snjallsímabúnaði
- Sjúkrapúði
- Hraðastillir (Cruise Control)

### Aukabúnaður í Snjall-Transporter

- Þráðlaust símkerfi
- Fjarlægðarskynjarar að aftan
- Tveir fjarstýringarlyklar
- Þjófavörn
- Viðarklæðning á gólfi flutningsrýmis
- Hraðastillir (Cruise Control)
- Fjarstýrð Webasto olíumiðstöð með snjallsímabúnaði
- Sjúkrapúði

# Volkswagen er mest seldi atvinnubíllinn á Íslandi

Atvinnubílar

*Einnig er hægt að velja 24 og 36 mánaða leigusamning. **Ekki mögulegur aukabúnaður í Caddy Maxi

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

LÆGRA VERÐ · STUNDVÍSI · LOFORÐ WOW · NÝRRI VÉLAR · BREIÐASTA BROSIÐ

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### „Áfram mannréttindi“

**María Rut Kristinsdóttir**, fyrrverandi formaður Stúdentaráðs og núverandi starfsmaður GoMobile, fór á Goslokahátíð í Vestmannaeyjum um helgina. Hún heimsótti eyjuna ásamt kærustu sinni, Ingileif Friðriksdóttur, blaðamanni á Morgunblaðinu. Parið, sem fagnar í ágúst ársafmæli, gerði sér ferð að Betel, húsi hvítasunnumanna í Vestmannaeyjum, kysstist og setti María mynd af kossinum á Facebook. Henni fylgdu orðin: „Áfram mannréttindi og alls konar ást og skítt með þá sem halda öðru fram.“ **- nej**



### Fór á tónleika Neils Young

**Dagur B. Eggertsson** borgarstjóri sá tónleika stórstjörnunnar Neils Young og hljómsveitar hans, Crazy Horse, í Laugardalshöll síðastliðið mánudagskvöld.

„Mér líkaði stórvel. Ég hefði alveg verið til í meira þrátt fyrir að tónleikarnir hafi tekið um tvo tíma. Það hljóta að vera góð meðmæli,“ segir Dagur.

Hann segir plötuna Harvest í miklu uppáhaldi. Dagur kynntist lögum tónlistarmannsins í gegnum eiginkonu sína, Örnu Dögg Einarsdóttur.



„Hún átti plötur með meistaranum þegar við vorum að byrja saman í kringum 1998 en ég var að sjá hann í fyrsta skipti. Hins vegar á ég mjög erfitt með að gera upp á milli laganna.“ **-hg**

## Mest lesið VÍSIR

1 Flug á sex þúsund krónur: easyJet tvöfaldar umsvif sín hérlendis
2 Lögreglan á Spáni: „Það sem við vitum núna er að sætisólin opnaðist“
3 Maðurinn sem lést á Benidorm íslenskur
4 Stundaði ofbeldisfulla kynlífsleiki með frænku sinni þar til hún lést
5 Klúrar spurningar dynja á unglingum




